



Skólanámskrá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Fyrri hluti - Sameiginlegur fyrir Skýjaborg og Heiðarskóla

Skólanámskrá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar
Útgefin 2026

Efnisyfirlit

1. Kafli – Um Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	6
1.1. Saga Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	6
1.2. Skýjaborg	8
1.3. Heiðarskóli	9
2. Kafli – Stefna Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar	10
2.1. Hlutverk og framtíðarsýn	10
2.1.1. Hlutverk.....	10
2.1.2. Framtíðarsýn	11
2.2. Gildi skólans	11
2.2.1. Virðing	11
2.2.2. Velliðan.....	12
2.2.3. Samvinna	12
2.2.4. Metnaður	12
2.3. Uppeldi, nám og kennsla.....	12
2.4. Samvinna við börn	14
2.5. Samstarf við foreldra.....	14
2.6. Fagmennska starfsfólks.....	15
2.7. Starfsumhverfi.....	16
2.8. Samfélagið.....	16
2.9. Félagsmál/forvarnarmál.....	17
2.10. Fjölmennningarstefna	18
2.11. Reglur um samskipti Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar við trúar- og lífsskoðunarfélög 20	
2.12. Forvarnar- og lífsleikniáætlun	21
2.13. Móttöku- og tilfærsluáætlun	26
2.13.1. Skýjaborg.....	26
2.13.2. Heiðarskóli	28
2.13.3. Móttökuáætlun fyrir nemendur með stuðningsþarfir í Heiðarskóla	29
2.13.4. Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku í Heiðarskóla	31
3. Kafli – Nám og samstarf	33
3.1. Grunnþættir menntunar	33
3.1.1. Læsi.....	33
3.1.2. Menntun til sjálfbærni	34
3.1.3. Lýðræði og mannréttindi	35
3.1.4. Heilbrigði og velferð.....	36

3.1.5.	Jafnrétti	37
3.1.6.	Sköpun	37
3.2.	Samstarf leik- og grunnskóla	38
4.	Kafli – Stoðþjónusta	41
4.1.	Skólasálfræðingur	42
4.2.	Talmeinafræðingur	42
4.3.	Hjúkrunarfræðingur	42
4.4.	Sérkennari / þroskaþjálfari / iðjuþjálfari	42
4.5.	Náms- og starfsráðgjafi	43
4.6.	Nemendaverndarráð	43
4.7.	Einstaklingsnámskrá og námsmat	44
4.8.	Kennslu- og þjálfunaraðferðir	44
4.9.	Tengslastofnanir	44
5.	Kafli – Matsáætlun um skólanámskrá	45

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar starfar samkvæmt gildandi lögum um leikskóla, grunnskóla og aðalnámskrám leik- og grunnskóla sem eru mótandi fyrir uppeldis- og menntunarhlutverk skóla. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þjónar börnum á leikskólaaldri að ósk foreldra/forráðamanna þeirra. Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóti fjölbreyttra uppeldiskosta (Lög um leikskóla nr. 90/2008).

Skólaskylda á grunnskólastigi er að jafnaði í tíu ár en getur verið skemmri. Að jafnaði er öllum börnum á aldrinum 6 – 16 ára skylt að sækja grunnskóla. Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra barna og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla árið 2011. Eftir sameiningu skólanna hófst vinna við stefnumörkun og skólanámskrárgerð. Skólanámskrá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar kom upphaflega út árið 2015 og er hún uppfærð reglulega. Samkvæmt gildandi lögum um leikskóla og grunnskóla ber hverjum skóla að gefa út skólanámskrá sem er nánari útfærsla á aðalnámskrá og ber skólastjóri ábyrgð á gerð hennar. Í skólanámskrá skal gera grein fyrir markmiðum skólans, uppeldis- og menntunarhlutverki, inntaki náms og námsmati, starfsháttum og mati á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá skal taka mið af sérstöðu skóla og menntastefnu viðkomandi sveitarfélags.

Allt starfsfólk skólans, foreldrar og nemendur grunnskólans komu að gerð skólanámskrárinnar með einum eða öðrum hætti. Við uppfærslur á námskránni er einnig leitað til þessara hagaðila eftir því sem við á. Námskráin er tvískipt þar sem ólíkar aðstæður og þarfir greina að uppeldis- og menntunarhlutverk hvors skólastigs, en markmið og stefnur sameiginlegar þar sem við á. Skólanámskráin og uppfærslur hennar eru samþykktar af skólaráði og velferðar- og fræðslunefnd sveitarfélagsins.

Skólanámskráin var uppfærð skólaárin 2023-2026 með tilliti til nýrrar Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar, Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og áorðnum breytingum á aðalnámskrám. Fyrri hluti skólanámskrár er sameiginlegur fyrir Heiðarskóla og Skýjaborg. Hvort stig fyrir sig gefur svo út seinni hluta.



1. Kafli – Um Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar



Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar er starfræktur á tveimur starfsstöðvum í sveitarfélaginu. Grunnskólinn Heiðarskóli, er staðsettur við ána Leirá við Skarðsheiði í skólaumhverfi sem býður upp á áhugaverðar vettvangsferðir og hvetur til útináms og útiveru. Leikskólinn Skýjaborg stendur í Melahverfi, en stutt er að sækja í ósnortna náttúru allt í kring, móa, kletta og trjágróður.

Báðir skólarnir eru Grænfánaskólar og leggja áherslu á útinám og útiveru í starfi sínu. Markvisst er unnið með þekkingu barnanna á umhverfi og náttúru sveitarfélagsins.

Í sveitarfélaginu er gott aðgengi að mörgum náttúruperlum s.s. fjöru, skógrækt og fjalllendi. Þar er að finna merkilega sögu og menningu sem rekja má allt til landnáms. Einnig er fjölbreytt atvinnustarfsemi tengd landbúnaði, ferðaþjónustu og iðnaði í sveitarfélaginu. Skólinn nýtir sér þessa þætti í skólastarfinu og vinnur í samstarfi við ýmis fyrirtæki, félagasamtök og íbúa á svæðinu að því markmiði að efla umhverfislæsi barna og staðarstolt og auka þekkingu þeirra á sögulegu, félagslegu og menningarlegu umhverfi skólans og sveitarfélagsins.

1.1. Saga Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

Sögu grunnskóla í sveitarfélaginu má rekja allt til ársins 1907 þegar með fræðslulögum var komið á farkennslu í sveitunum sunnan Skarðsheiðar. Farkennsla var við lýði allt til haustsins 1965 þegar Leirárskóli var stofnaður. Fljótlega var nafni skólans breytt í Heiðarskóla. Fyrstu árin var skólinn heimavistarskóli en fljótlega var tekinn upp heimanakstur og er það fyrirkomulag enn við lýði. Við skólann var síðan byggt íþróttahús, Heiðarborg, sem áður gegndi einnig hlutverki félagsheimilis og samkomuhúss. Árið 1970 var gerð útisundlaug framan við Heiðarborg en síðar var byggt við íþróttahúsið og innisundlaug komið fyrir þar. Árið 2024 hófust framkvæmdir við viðbyggingu við Heiðarborg. Árið 2010 var hafist handa við byggingu nýs skóla við hlið gamla skólahúsnæðisins og var skólinn tekinn í notkun haustið 2011.

Heiðarskóli er fámennur skóli. Nemendafjöldi hefur verið á bilinu 80 til 130 frá því hann var stofnaður. Frjálssar íþróttir og hreyfing voru í hávegum höfð í árdaga skólans og var hann þekktur á landsvísi fyrir mikla og öfluga borðtennismenningu. Útivist, samkennd, árganga, félagsstörf og nemendaferðir hafa verið einkennandi í skólastarfinu í gegnum tíðina. Sjö skólastjórar hafa starfað við Heiðarskóla: Sigurður Guðmundsson 1965 - 1984, Birgir Karlsson

1984 - 1998, Haraldur Haraldsson 1998 - 2004 og Helga Stefanía Magnúsdóttir 2004 – 2011, Ingibjörg Hannesdóttir 2011-2012, Jón Rúnar Hilmarsson 2012 – 2016 og Sigríður Lára Guðmundsdóttir frá 2016.

Sögu leikskóla í Hvalfjarðarsveit má rekja aftur til ársins 1991 þegar fjórar konur í sveitarfélaginu stofnuðu starfsemina „Ópið hús í Fannahlíð” og var hún styrkt af þeim hreppum sem síðar sameinuðust í Hvalfjarðarsveit. Var þetta fyrsti vísir að leikskólanum Fannahlíð sem formlega var stofnaður þann 8. desember 1996. Leikskólinn var í fyrstu rekinn í félagsheimilinu Fannahlíð sem stendur í skógræktarsvæði norðan við Akrafjall. Fljótlega var samþykkt að hefja byggingu nýs leikskólahúsnæðis að Innrimel 1 í Melahverfi. Leikskólinn var opnaður þar í janúar 1999 og hlaut nafnið Skýjaborg. Til að byrja með var ein deild í leikskólanum en árið 2007 var skólinn stækkaður og annarri deild bætt við. Leikskólinn rúmar um 40 börn. Fimm leikskólastjórar hafa starfað við Skýjaborg: Þórunn Harðardóttir 1996-2003. Sigurður Sigurjónsson 2003-2011. Ingibjörg Hannesdóttir 2011-2012. Jón Rúnar Hilmarsson 2012-2016 og Eyrún Jóna Reynisdóttir frá 2016.

Árið 2011 var ákveðið að leik- og grunnskólinn skyldu sameinaðir undir eina stjórn. Sameinaður skóli fékk heitið Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar og var Ingibjörg Hannesdóttir fyrsti skólastjóri hans frá 2011 – 2012. Jón Rúnar Hilmarsson var skólastjóri 2012 – 2016. Skólaárið 2016-2017 voru gerðar breytingar á skipuriti og tveir skólastjórar ráðnir við skólann, Eyrún Jóna Reynisdóttir leikskólastjóri í Skýjaborg og Sigríður Lára Guðmundsdóttir skólastjóri við Heiðarskóla.

Í tilefni af 40 ára afmæli Heiðarskóla árið 2005 færði Haraldur Haraldsson, fyrrverandi skólastjóri, skólanum skólasöng að gjöf. Textinn er eftir Harald en lagið er eftir Jón Kristófer Arnarson. Söngurinn er sjö erindi en sjá má fyrstu tvö erindin hér:

Heiðarskóli hann er,

hann er skólinn minn.

Heiðarskóli í Borgarfirði,

hann er skólinn minn.

Kallar bjalla á krakkaskarann

komið þið nú inn.

Heiðarskóli hann er,

hann er skólinn minn.

Að lesa, skrifa, líka reikna

list er talin góð

ljúfan syngja tón og teikna

tileinka sér ljóð.

Seint verður of mikils metinn

menntaarðurinn

í Borgarfirði er besti

besti skólinn minn.

Í tilefni af 20 ára afmæli Skýjaborgar 2016 var saminn skólasöngur Skýjaborgar. Texti er eftir Eyrúnu Jónu Reynisdóttur og Sigurbjörgu Friðriksdóttur. Lagið er *Í Hlíðarendakoti* eftir Friðrik Bjarnason.

Í Skýjaborg er líf og fjör,

Leikur alla daga.

Gleði hlátur bros á vör

Oft er lesin saga.

Börnin kanna heiminn hér

hafa af því gaman.

Úti allir gleyma sér

Hoppa og hlaupa saman.

1.2. Skýjaborg

Skýjaborg er tveggja deilda leikskóli með rými fyrir um 40 börn. Deildirnar eru aldursskiptar til að auðvelda skipulag, skiptingu á leikefni og verkefnavinnu. Á Regnboganum eru börn á aldrinum 3 - 6 ára og á Dropanum eru börn á aldrinum 1 - 3 ára. Skýjaborg er opin frá kl. 7:30 – 16:30 alla virka daga. Leikskólinn er lokaður í að allt að fjórar vikur að sumri vegna sumarleyfa, ásamt nokkrum öðrum dögum þ.e. á stórhátíðardögum og skipulagsdögum. Þessir dagar eru tilgreindir á skóladagatali sem er lagt fram og samþykkt á hverju ári. Leikskólinn er gjaldfrjáls fimm klst. á dag milli kl. 9 og 14. Barn getur komið í leikskólann frá kl. 7:30 - 9:00 og dvalið í fimm - níu klst. hvern dag.



1.3. Heiðarskóli

Í Heiðarskóla hefur fjöldi nemenda verið í kringum 90 undanfarin ár. Frá árinu 2015 hefur verið teymiskennsla í þremur námshópum, 1. – 4. bekkur, 5. – 7. bekkur og 8. – 10. bekkur. Skóladagurinn hefst klukkan 8:10 og honum lýkur klukkan 13:30 nema að annað sé auglýst sérstaklega. Heimanakstur er í boði fyrir alla nemendur til og frá skóla. Skóladagar eru 180 á skólaárinu og hefst skólahald í lok ágúst og lýkur í byrjun júní.

– HEIÐARSKÓLI –



2. Kafli – Stefna Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar



Stefna Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar byggir á Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar, lögum um leik- og grunnskóla og aðalnámskrám. Einnig er horft til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Gildi skólans eru: *virðing, vellíðan, samvinna og metnaður*.

2.1. Hlutverk og framtíðarsýn

Framtíðarmarkmið Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar er að verða í fremstu röð með framfarir að leiðarljósi og fagmennsku í fyrirrúmi og að börn njóti skólagöngu sinnar og öðlist með menntun sinni og uppeldi, styrk og hæfni til að nýta þau tækifæri sem samfélag framtíðarinnar býður upp á. Skólastarfið skal unnið í samvinnu allra sem að skólasamfélaginu koma og í góðum tengslum við yfirvöld og grenndarsamfélag.

2.1.1. Hlutverk

Hlutverk Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að almennri menntun barna og búa börn undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Með vísan í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á menntun að hjálpa börnum að læra að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni. Hún á að kenna þeim að þekkja réttindi sín og að virða réttindi annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika. Menntun á að hjálpa þeim að lifa friðsamlega og að vernda náttúruna. Starfshættir skólans skulu mótast af umburðarlyndi, jafnrétti, ábyrgð og lýðræðislegu samstarfi. Starfsfólk skólans skal haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir barna ásamt því að skapa þeim öruggt umhverfi sem stuðlar að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Í skólanum skal veita börnum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að víðsýni og stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun barna og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

2.1.2. Framtíðarsýn

Framtíðarsýn starfsfólks Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar er að í skólanum sé lögð áhersla á:

- Að saman myndum við lærdómssamfélag í skapandi skólastarfi þar sem unnið er út frá áhugasviði barna
- Vellíðan og gleði barna, starfsfólks og fjölskyldna
- Snemmtæka íhlutun með farsæld barna að leiðarljósi
- Einstaklingsmiðun þar sem öll hafa tækifæri til að vinna út frá sínum forsendum
- Félagsfærni barna í gegnum leik, samvinnu og hópavinnu
- Umhverfisfræðslu og útinám
- Heilsuefningu
- Gott og öflugt foreldrasamstarf
- Samvinnu við grenndarsamfélagið
- Skapa góðar aðstæður fyrir metnaðarfullt skólastarf með faglegu og hæfu starfsfólki sem vinnur saman sem ein heild.

2.2. Gildi skólans

Vellíðan, virðing, metnaður og samvinna eru einkunnarorð skólans og leggur hann þau til grundvallar í starfi sínu. Með virðingu, metnaði og samvinnu sköpum við skóla þar sem öllum líður vel.

2.2.1. Virðing

Í skólanum er lögð áhersla á að börn og fullorðnir komi fram af virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Virðing fyrir sjálfu sér og umhverfi sínu er einn af grunnþáttum farsælla samskipta milli einstaklinga, hópa og í umgengni við nánasta umhverfi. Virðing felur m.a. í sér að skilja viðhorf og skoðanir annarra og vilja til að hlusta á og kalla eftir sjónarmiðum ólíkra hópa sem nýtt eru við ákvarðanatöku. Í daglegu starfi snýst virðing um að taka vel á móti öllum, að öll finni að þau tilheyri og að viðvera og þátttaka þeirra skiptir máli. Virðing felur jafnframt í sér að taka ábyrgð á eigin orðum og athöfnum, beita virkri hlustun, viðhafa umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum og sýna skilning á viðhorfum og aðstæðum annarra. Með virðingu eru byggð upp heilbrigð og farsæl samskipti. Koma skal fram af virðingu við nánasta umhverfi og náttúru með því að ganga ekki á auðlindir, valda sem minnstu raski á náttúrunni og ganga vel um eigur skólans og annarra.



2.2.2. Vellíðan

Vellíðan er grundvöllur árangursríks náms og starfs. Skólinn leggur sig fram við að stuðla að vinnuvernd og andlegu og líkamlegu öryggi sem er einna mikilvægast í að stuðla að vellíðan. Það er m.a. gert með því að hafa aðbúnað góðan, eins og þægileg húsgögn, örugg leiktæki á skólalóð, næga hreyfingu, slökun og hollan og góðan mat. Jákvæð samskipti, gleði og hlýlegt viðmót eru höfð að leiðarljósi. Sveigjanleiki í skólastarfi virkjar styrkleika einstaklinga og gefur tækifæri til að koma til móts við þá með fjölbreyttum verkefnum og kennsluháttum, þannig finnur hver og einn eitthvað við sitt hæfi sem eykur vellíðan. Skólastarfið á að byggja upp jákvæða og heilbrigða sjálfsmynd barna og því er mikilvægt að ræða reglulega við þau um líðan þeirra í skólanum, hvað þau eru ánægð með og hvað mætti betur fara.

2.2.3. Samvinna

Samvinna í skólastarfi er mikilvæg, með henni lærist að taka tillit til þarfa og skoðana annarra, koma skoðunum á framfæri, gera málamiðlanir og læra með og af öðrum. Samvinna felst m.a. í því að skipuleggja hópa- og stöðvavinnu, verkefni og viðburði þar sem öll taka þátt. Þegar einstaklingar með ólíka styrkleika vinna saman myndast sterkari heild og það eykur líkur á betri árangri. Starfsfólk vinnur í teymum og virk samvinna er við foreldra. Þeir eru ávallt velkomnir hvort sem það er á skipulagða viðburði eða í heimsókn á venjulegum skóladegi. Einnig er stuðlað að samvinnu við nærsamfélagið, m.a. eldri borgara og fyrirtæki, með ýmsum hætti og litið á þá samvinnu sem mikilvægan þátt í skólastarfinu. Gott gagnvirkt upplýsingaflæði tryggir betri samvinnu við foreldra og nærsamfélag s.s. regluleg foreldraviðtöl, fréttir og tilkynningar á heimasíðu, fréttabréf, samskipti í gegnum tölvupóst og óformleg/formleg samskipti við foreldra.

2.2.4. Metnaður

Mikilvægt er að starfsfólk og börn hafi metnað til þess að leggja sig fram í námi og starfi og að skólinn hafi hæft starfsfólk sem hefur velferð barna að leiðarljósi. Kennarar leggja sig fram við að hafa kennsluhætti faglega og með þeim hætti að þeir skili árangri. Starfsfólk skólans tekur þátt í endurmenntun og hefur metnað til að taka þátt í þróunarverkefnum. Skólinn býður upp á góða menntun við hæfi hvers og eins. Börn leggja sig fram, taka ábyrgð, skipuleggja nám sitt og setja sér raunhæf markmið miðað við aldur og þroska. Starfsfólk sýnir áhuga sinn í starfi, er faglegt og vinnur saman sem ein heild í öflugum teymum.

2.3. Uppeldi, nám og kennsla

Tryggja skal markvissa þróun uppeldis- og kennsluhátta og að fjölbreyttum aðferðum sé beitt við uppeldi og kennslu. Kennsluhættir skulu taka mið af sérstöðu skólans, tengslum hans við náttúru, umhverfi og samfélag. Í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar er áhersla lögð á að

börn fái hvatningu til náms í samræmi við þroska og áhuga, vinni með hæfileika og styrkleika og að ýtt sé undir frumkvæði og sköpunargáfu þeirra.

Leiðir:

- Vinna eftir Aðalnámskrám leikskóla og grunnskóla þar sem grunnþættirnir *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð* og *sköpun* eru hafðir að leiðarljósi.
- Vinna eftir skólanámskrá þar sem leiðir að markmiðum Aðalnámskráa leikskóla og grunnskóla eru skýrar.
- Endurskoða skólanámskrána reglulega samkvæmt kafla 5 - Matsáætlun um skólanámskrá.
- Nýta umhverfi skólans til umhverfismenntar, útináms og heilsueflingar.
- Endurnýja Grænfánann á tveggja ára fresti.
- Nota fjölbreytta kennsluhætti sem gera kröfu um virka þátttöku s.s. þemanám, heildstæð viðfangsefni, að þjálfar gagnrýna hugsun, vendikennslu, nýsköpunarnám, samvinnunám, sjálfstæð og skapandi vinnubrögð, útinám, hópavinnu, leikræna tjáningu og þátttöku barna í viðburðum.
- Beita fjölbreyttum aðferðum við að meta árangur og framfarir í skólastarfi.
- Hafa hugmyndafræði skólans skýra og aðgengilega.
- Vinna að fjölbreyttu þróunar- og nýbreytnistarfi.
- Gera einstaklingsnámskrár fyrir börn með sértækar þarfir í samvinnu við foreldra.
- Setja fram náms- og kennsluáætlanir upp í námsumsjónarkerfi skólans.
- Gera námsmarkmið börnum og foreldrum ljós.
- Nýta leiðsagnarmat, greinandi próf og mat á námstöðu með markvissum hætti.
- Kenna námstækni sem hæfir aldri og þroska hvers og eins.
- Þjóða upp á fjölbreytt val.
- Hafa á að skipa starfsfólki sem býr yfir þekkingu til að sinna öllum börnum.
- Sjá til þess að hvert barn fái þann stuðning og ráðgjöf sem það þarf.
- Þjóða upp á menningarferðir.
- Hafa skýra jafnréttisáætlun.
- Starfsfólk skólans tileinki sér fjölmenningarleg viðhorf.
- Samræma skóladagatöl eftir því sem við á.
- Vinna eftir Handbók Skýjaborgar: Leikur, mál og læsi.
- Leggja áherslu á að vinna með læsi eftir hugmyndafræði Byrjendalæsis og Læsi fyrir lífið.

2.4. Samvinna við börn

Öll börn eiga að fá jöfn tækifæri til náms óháð getu, stöðu og þroska og unnið út frá styrkleikum hvers og eins. Skólastarfið á að stuðla að vellíðan og metnaði og eiga börn að finna fyrir öryggi í skólanum. Þar á að ríkja gagnkvæm virðing í öllum samskiptum og hvorki einelti né annað ofbeldi liðið.



Leiðir:

- Skipuleggja námið á þann hátt að það sé merkingarbært, byggji upp jákvæða sjálfsmynd og auki siðgæðisvitund, frumkvæði og sköpunargleði.
- Efla trú barna á eigin getu.
- Höfða sem oftast til áhuga og reynslu barna og veita þeim tækifæri til að fást við viðfangsefni á áhugasviðum sínum.
- Byggja starfið á einstaklingsþörfum við skipulagningu umhverfis, námsmats, árangurs og framfara við val á efnivið og kennsluefni.
- Beita fjölbreyttum aðferðum við nám, árangursmat, uppeldi og kennslu.
- Tryggja börnum sérfræðiaðstoð og aðstöðu við hæfi hverju sinni, s.s. til að mæta námsvanda eða þátttöku í skólastarfi.
- Hafa virka eineltisáætlun.
- Leggja áherslu á heilsuefningu og tryggja hollt og næringarríkt fæði.
- Hafa virkt samstarf milli heimilis og skóla.
- Gera jákvæða þætti sýnilega.
- Veita börnum hvatningu fyrir framfarir og það sem vel er gert.
- Hafa skýrar skólareglur, viðmið og viðurlög.
- Móta heildstæða lífsleikniáætlun og forvarnarstefnu.
- Gera börn meðvituð um tilgang og markmið náms í anda leiðsagnarnáms.
- Gera börn ábyrg fyrir námi sínu og að þau læri að setja sér raunhæf markmið.
- Börn eigi fulltrúa í skólaráði.

2.5. Samstarf við foreldra

Foreldrar eiga að vera virkir þátttakendur í námi barna sinna og hafa metnað fyrir þeirra hönd. Samvinna skóla og foreldra skal byggja á gagnkvæmri virðingu og trausti, jákvæðum samskiptum og hlýhug. Góð samvinna foreldra og starfsfólks skólans stuðlar að alhliða þroska og bættri líðan barna og hefur hvetjandi áhrif á framfarir þeirra.

Leiðir:

- Bjóða upp á haustsamveru þar sem blandað er saman fræðslu, kynningu á skólastarfinu og umræðu um skóla- og uppeldismál.
- Hafa skólanámskrá sýnilega á heimasíðu skólans.
- Nýta upplýsinga- og násumsjónarkerfi markvisst til að upplýsa foreldra um skóladag barnsins og viðfangsefni, nám, heimanám, skólastarf, áætlanir og breytingar er varða skólastarfið.
- Hvetja foreldra til að koma í skólann, kynna sér starfið og taka virkan þátt í því.
- Stuðla að góðum samskiptum við foreldra.
- Fá foreldra með í félags- og skólastarf, t.d. með fræðslu eða þátttöku í verkefnum með börnum sínum. Foreldrar finni sig velkomna í skólann og hafi tækifæri til að segja sínar skoðanir á skólastarfinu.
- Hafa öflugt foreldrafélag og virkt skólaráð.
- Hafa regluleg foreldraviðtöl og viðhorfakannanir.

2.6. Fagmennska starfsfólks

Skólinn hefur á að skipa metnaðarfullu og hæfu starfsfólki sem leggur áherslu á vellíðan og framfarir barna. Starfsfólk skólans starfar sem ein heild þar sem öll gegna mikilvægu hlutverki og starfið einkennist af gagnkvæmri virðingu og trausti. Í skólanum er lögð áhersla á jákvætt andrúmsloft og gott starfsumhverfi. Unnið er eftir Mannauðsstefnu Hvalfjarðarsveitar.



Leiðir:

- Tryggja að skólinn hafi virka símenntunar- og umbótaáætlun sem er endurskoðuð árlega í samstarfi við starfsfólk.
- Hafa heilsueflandi lífshætti í fyrirrúmi.
- Hver og einn leggi sitt af mörkum til að skapa jákvætt andrúmsloft.
- Kanna reglulega viðhorf og líðan starfsfólks með formlegum hætti.
- Hvetja starfsfólk til að afla sér frekari menntunar.
- Hafa reglulega samráðsfundi starfsfólks og tryggja þannig öfluga miðlun upplýsinga milli Skýjaborgar og Heiðarskóla um stöðu barna, kennsluhætti og annað faglegt starf.
- Leggja áherslu á faglega teymisvinnu þar sem byggt er upp traust og virðing.
- Hafa reglulega, hnitmiðaða og markvissa starfsmanna- og teymisfundi með dagskrá og fundargerð.
- Vinna að sameiginlegum þróunar- og þemaverkefnum þvert á skólastigin.
- Starfsfólk taki virkan þátt í endurskoðun skólanámskrár.

- Starfsfólk taki þátt í sjálfsmati skólans.
- Starfsfólk geri umbótaáætlun um þá þætti sem þarf að efla í kjölfar sjálfsmats.
- Starfsfólk kynni sér þær stefnur og áætlanir sem skólinn vinnur eftir og koma fram í starfsmannahandbók.
- Hafa samskiptasáttmála fyrir starfsfólk skólans.
- Hafa starfslýsingar fyrir allt starfsfólk skólans.
- Hafa stefnu um öryggismál og vinnuvernd.

2.7. Starfsumhverfi

Skólahúsnæði og umhverfi skólans eiga að uppfylla þær nútímakröfur sem gerðar eru til að mæta þörfum til náms og uppeldis. Möguleikar og aðstaða í nærumhverfi er nýtt og horft er til sérstöðu sveitarfélagsins í tengslum við útinám og umhverfismennt. Tryggja skal að starfsfólk og börn starfi í öruggu umhverfi.

Leiðir:

- Tryggja að aðbúnaður skóla, s.s. húsgögn, tæki, nettenging og efniviður sé eins og best verður á kosið.
- Innra og ytra umhverfi skólans gert hlýlegt og skipulagt í samvinnu við börn.
- Vinna barna gerð sýnileg.
- Hafa hvetjandi vinnuumhverfi.
- Búnaður og tækjakostur vel við haldið og endurnýjaður eftir þörfum.
- Hafa flóttaleiðir sýnilegar og halda brunaæfingar tvisvar á ári.
- Hafa sýnilega rýmingaráætlun fyrir skólann.
- Þjálfa starfsfólk og börn í viðbrögðum við hættu og fyrstu hjálp.
- Virða ólíkar skoðanir og gefa öllum tækifæri á því að tjá skoðanir sínar.
- Yfirfara áhættumat sveitarfélagsins og skólans árlega og gera umbótaáætlun eftir þörfum.

2.8. Samfélagið

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar leitast við að vera í góðum tengslum við samfélagið. Lagt er upp úr því að nýta umhverfið í námi, kennslu, leik og starfi; söguna, náttúruna og sveitina.

Leiðir:

- Skipuleggja skólastarfið með heildstæðum hætti þannig að nám, íþróttaiðkun, félags- og tómstundastarf falli sem best saman.
- Hafa opinberar upplýsingar aðgengilegar, m.a. á heimasíðu skólans.



- Styðja og hvetja skólaráð og foreldrafélag til virkrar þátttöku í skólastarfi.
- Halda virku samstarfi skólans og velferðar- og fræðslunefndar sveitarfélagsins með fjölbreyttum hætti.
- Senda reglulega upplýsingar um skólastarf til foreldra.
- Vinna að auknum heimsóknum foreldra í skólann, t.a.m. með starfskynningum og öðrum fróðleik.
- Vinna að aukinni þekkingarmiðlun milli atvinnurekanda, íbúa og skólans.
- Hafa áætlun um samstarf við aðra skóla.
- Fara í vettvangsferðir til bænda, fyrirtækja og stofnana á svæðinu.
- Nýta sögu og sérkenni alls landshlutans í kennslu.
- Hafa útinám sem fastan lið í starfi skólans.
- Skipuleggja göngu- og vettvangsferðir barna með það að leiðarljósi að kynna fyrir þeim staðhætti, fornar sagnir og að leyfa þeim að upplifa ferðirnar á eigin forsendum.

2.9. Félagsmál/forvarnarmál

Vinna skal markvisst að félags- og forvarnarmálum í skólanum.

Leiðir:

- Hafa virka forvarnar- og lífsleikniáætlun innan skólans og endurskoða með formlegum hætti á þriggja ára fresti.
- Hafa samskipta- og umgengnisreglur sýnilegar í skólanum og ræða þær reglulega.
- Starfsfólk skólans sýni ávallt gott fordæmi og aðstoði börn við að öðlast færni í samskiptum.
- Ýta undir og styðja við félagsfærni og góð samskipti.
- Hafa virka eineltisáætlun.
- Viðhalda og bæta útisvæði til íþróttaiðkunar og almennrar hreyfingar.
- Starfsfólk ræði málefni barna með reglulegum hætti á teymis- og/eða starfsmannafundum.
- Búa til samfellu og samstarf þeirra aðila sem koma að félagsstarfi barna.
- Hafa frístundastarf fyrir 1. - 4. bekk þar sem boðið er upp á innihaldsríkt frístundastarf í skapandi umhverfi.
- Samstarf nemenda við samstarfsskóla á Vesturlandi s.s miðstigsleikar, sameiginleg böll fyrir unglinga og sameiginlegir fundir nemendafélaganna. Samstarfsskólarnir eru Auðarskóli, Grunnskóli Borgarfjarðar, Grunnskólinn í Borgarnesi, Heiðarskóli og Grunnskólinn á Reykhólum.
- Samstarf við skóla á Akranesi í tengslum við Viku 6.
- Félagsrými fyrir unglinga með fjölbreyttum möguleikum til samveru og afþreyingar.
- Virkt nemendafélag sem vinnur á lýðræðislegan hátt og kemur með tillögur að verkefnum og úrbótum ásamt ábendingum nemendum til heilla.

2.10. Fjölmenningarstefna

Fjölmenningarstefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar er ætlað að tryggja öllum jafnan rétt til náms og þjónustu óháð þjóðerni og bakgrunni. Fjölmenningarlegt samfélag miðar að því að auka virðingu allra fyrir fjölbreyttum siðum og



hefðum. Þá er tungumálið lykillinn að hverju samfélagi og íslenskukunnátta því ein af meginforsendum aðlögunar að íslensku samfélagi. Með það að leiðarljósi er fjölmenningarstefna Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar sett fram.

Með hugtakinu barn af erlendum uppruna er fyrst og fremst átt við börn sem geta verið fædd hérlandis eða erlendis og geta átt annað eða bæði foreldri sem eru af erlendum uppruna. Móðurmál er það tungumál sem foreldrar tala við barn sitt. Barn getur átt fleiri en eitt móðurmál.

Tungumálið

Meginviðfangsefni leik- og grunnskóla í málefnum barna af erlendum uppruna er kennsla og þjálfun í íslensku sem öðru tungumáli. Þar sem bakgrunnur einstaklinga af erlendum uppruna er ólíkur er mikilvægt að kennsla í íslensku sem öðru máli sé einstaklingsmiðuð. Í gildandi Aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á að íslenska sem annað mál sé meira en tungumálakennsla því saman fari markmið þar sem m.a. er leitast við að þjálfar nemendur/börn í íslensku máli og menningarfærni, örva námsgetu, námstækni og stuðla að félagslegri vellíðan nemandans/barnsins. Starfsfólk skóla skal vera meðvitað um mikilvægi þess að þjálfar íslensku í fjölbreyttum aðstæðum skólastarfsins. Jafnframt er mikilvægt að sýna menningu allra barna og foreldra áhuga og auka virðingu fyrir fjölbreyttum siðum og hefðum.

Í skólanum er:

- Börnum af erlendum uppruna tryggð kennsla og þjálfun í íslensku sem öðru máli.
- Grunnfærni barna í íslensku metin.
- Grunnfærni barna í móðurmáli þeirra metin eða upplýsinga um hana aflað.
- Unnið eftir móttökuáætlun barna af erlendum uppruna (Skýjaborg) og Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku í Heiðarskóla.
- Lögð áhersla á íslenskt tungumál í daglegum störfum í skólanum.
- Tryggt að foreldrar fái upplýsingar um málþroska tvítyngdra barna og mikilvægi móðurmálakennslu/þjálfunar fyrir tvítyngd börn.

- Foreldrum hjálpað að leita leiða til að styrkja börn í móðurmáli sínu.
- Notast við túlkaþjónustu ef annað hvort foreldrar eða kennarar telja slíkt nauðsynlegt við að miðla upplýsingum um náms- og þroskastöðu barna af erlendum uppruna.
- Bókakostur á erlendum tungumálum aðgengilegur eftir því sem hægt er.

Félagsleg aðlögun

Starfsfólk skóla gegnir lykilhlutverki við félagslega aðlögun barna og foreldra í samfélagið, bæði það sem tengist skólanum beint og óbeint s.s. tómstundir, viðburði í sveitarfélaginu o.þ.h. Mikilvægt er að upplýsingar um þá möguleika sem standa til boða í skólanum og í nærsamfélaginu séu aðgengilegar börnum og foreldrum.

Í skólanum er:

- Farið vel yfir markmið skólastarfs í fyrstu viðtölum í skólanum.
- Framboð íþróttar- og tómstunda í nærsamfélaginu kynnt og bent á hvar hægt er að nálgast upplýsingar.
- Farið vel yfir venjur og siði í skólasamfélaginu, s.s. hátíðir, viðburði, afmæli og frídaga.
- Aðgangur að náms- og starfsráðgjöf á efri stigum grunnskólans.
- Stuðlað að því að barn eigi í virkum félagslegum tengslum s.s. með vinahópum eða öðrum aðferðum.
- Tæknilausnir nýttar eins og kostur er í samskiptum.
- Tryggt að foreldrar af erlendum uppruna fái upplýsingar um foreldrafélag og skólaráð.

Viðhorf

Mikilvægt er að skólinn sýni menningu allra virðingu og áhuga. Hlúa skal að fjölbreyttri menningu innan skólans og að slík hugsun sé leiðarljós í skólastarfinu en ekki einungis sinnt á afmörkuðum sviðum. Hafa skal í huga að kynna þá menningu sem barnið eða fjölskyldan þekkir og gera það á jákvæðan máta og af virðingu.

Í skólanum er:

- Starfsfólk meðvitað um fjölmenningslegt námsefni og efnivið.
- Unnið eftir aðferðum sem skapa jákvæð náms- og þroskaskilyrði fyrir börn af erlendum uppruna.
- Aflað upplýsinga hjá foreldrum um menningu og siði þeirra þjóða og hvað þeim þykir eftirsóknarvert að frætt sé um.
- Lögð áhersla á gagnkvæma aðlögun þ.e. að skólinn aðlagist að þörfum barna og börn aðlagist skólanum.
- Unnið með fordóma. Lýðræði, jafnrétti, virðing og mannréttindi höfð að leiðarljósi.
- Áhersla á fjölmenningsfræðslu fyrir starfsfólk.

- Lögð áhersla á að leysa úr málum er kunna að koma upp ef menning og gildi fjölskyldna og skóla skarast með samræðum, velvild og auknu upplýsingaflæði.
- Unnið skv. Reglum um samskipti Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar við trúar- og lífsskoðunarfélög.

Túlkabjónusta

Samkvæmt lögum ber foreldrum skylda til að fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Einnig eiga foreldrar rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna.

Mikilvægt er að skólinn kalli til túlk ef foreldrar eða skóli telja ástæðu til, til að tryggja að foreldrar og skóli hafi allar þær upplýsingar sem nauðsynlegt er til að barn geti stundað skóla með sem bestum árangri. Í lögum um grunnskóla (91/2008 18. grein) og lögum um leikskóla (90/2008 9. grein) segir að *eigi í hlut foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.*

2.11. Reglur um samskipti Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar við trúar- og lífsskoðunarfélög

Hlutverk Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar er að fræða nemendur um ólík trúarbrögð og lífsskoðanir samkvæmt gildandi aðalnámskrá. Eftir fremsta megni skal forðast að nemendur og foreldrar séu settir í þá aðstöðu að þurfa gera grein fyrir lífsskoðunum sínum.

Trúar- og lífsskoðunarfélög skulu ekki stunda starfsemi sína innan veggja Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar á skólatíma. Þetta á við allar heimsóknir í trúarlegum tilgangi og dreifingu á boðandi efni¹. Um almenna kynningu gagnvart foreldrum og börnum á viðurkenndu barna- og æskulýðsstarfi trúfélaga skal fara líkt og með kynningu á hliðstæðum frístundatilboðum frjálsra félagasamtaka.

Skólastjórnendur grunnskóla geta boðið fulltrúum trúar- eða lífsskoðunarhópa að heimsækja kennslustundir í trúarbragðafræði/lífsleikni sem lið í fræðslu um trú og lífsskoðanir samkvæmt gildandi aðalnámskrá, og skal heimsóknin þá fara fram undir handleiðslu kennara og vera innan ramma námskrár.

Heimsóknir á helgi- og samkomustaði trúar- og lífsskoðunarfélaga á skólatíma grunnskóla skulu eiga sér stað undir handleiðslu kennara sem liður í fræðslu um trú og lífsskoðanir, samkvæmt gildandi lögum og aðalnámskrá. Þar sem ekki er sérstaklega getið um vettvangsheimsóknir leikskólabarna á helgi- og samkomustaði trúar- og lífsskoðunarfélaga

¹ Með boðandi efni er átt við hluti sem gefnir eru eða notaðir sem hluti af trúboði, það er tákngripir, fjölfölduð trúar- og lífsskoðunarrit, bækur, hljóðrit, prentmyndir og kvikmyndir.

sem lið í fræðslu um trú og lífsskoðanir í aðalnámskrá leikskóla er eðlilegt að miða fjölda slíkra heimsókna við það sem fram kemur í aðalnámskrá grunnskóla til að gæta samræmis milli skólastiga.

Þess verði gætt við allar heimsóknir til og frá grunnskóla vegna fræðslu um trú og lífsskoðanir að nemendur fylgist með en séu ekki þátttakendur í helgisiðum og athöfnum, og að þær séu ekki vettvangur fyrir innrætingu eða dreifingu á boðandi efni.

Skólayfirvöld beini því til trúar- og lífsskoðunarfélaga að þau skipuleggi fermingarfræðslu og barnastarf með það að leiðarljósi að það hvorki trufla lögbundið skólastarf um skemmri eða lengri tíma.

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar tryggi að áfallaráð hafi samráð við foreldra/forráðamenn þeirra sem áfallið snertir áður en fagaðilar eru fengnir til stuðnings. Í nærsamfélagi leik- og grunnskóla getur verið um að ræða sérfræðinga, fulltrúa trúar- eða lífsskoðunarfélaga eða aðra fagaðila. Helgistundir sem tengjast viðbrögðum við áfalli skulu að öllu jöfnu fara fram utan skólatíma.

Sígildir söngvar, dansar, leikir og handíðir sem teljast hluti af gamalgrónum hátíðum og frídögum þjóðarinnar halda sessi sínum í árstíðabundnum skemmtunum og starfi frístundaheimila, leik- og grunnskóla. Jólasálmar og helgileikir tengdir jólum falla hér undir.

Til grundvallar þessum reglum liggur sá vilji að tryggja rétt barna til þátttöku í skólastarfi óháð þeirri trúar- og lífsskoðun sem þau alast upp við. Upplýst fræðsla um kristna trú, trúarbrögð heimsins, lífsskoðanir, siðfræði, heimspeki og íslenska menningu, er mikilvæg í öllu starfi skólanna. Trúarleg innræting og boðun tiltekinna lífsskoðana á þar ekki heima. Það er á hendi foreldra að ala börn sín upp í þeirri trúar- og lífsskoðun sem þeir kjósa. Um það mun starfsfólk Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar standa vörð samkvæmt mannréttindasáttmálum sem Ísland hefur undirgengist.

2.12. Forvarnar- og lífsleikniáætlun

(Uppfærð febrúar 2021)

Forvarnir eru mikilvægur þáttur í skólastarfinu og markvisst er unnið að forvörnum í öllum aldurshópum. Lífsleikni gefur dýrmæt tækifæri til þess að vinna með forvarnir og efla félagsþroska barna. Fengist er við þætti sem tengjast því að vera þátttakandi í lýðræðisþjóðfélagi, að tilheyra fjölskyldu, eiga vini og félag, vinna með öðrum og setja sig í spor annarra. Lögð er áhersla á færni til samskipta,



tjáningar og að færa rök fyrir máli sínu, setja sér markmið, sýna frumkvæði, rata um umhverfi sitt, varast hættur og geta bjargað sér. Jafnframt þarf að rækta hæfileika til sköpunar og verklegrar færni. Lífsleikni gefur skólum einnig tækifæri til að fjalla um mál sem upp kunna að koma hverju sinni og snerta líðan og velferð barna. Fjögur gildi, vellíðan, virðing, metnaður og samvinna, liggja til grundvallar skólastarfi í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og endurspegla þau áherslur lífsleikninnar.

Skýjaborg

Markmið Skýjaborgar með forvörnum og lífsleikni er að stuðla markvisst að velferð barna og farsælli skólagöngu þeirra. Starfsfólk grípur til viðeigandi ráðstafana ef þörf krefur þannig að öll börn fái sem best notið sín miðað við þroska og þarfir hvers og eins.

Unnið er með lífsleikni og forvarnir í öllu daglegu starfi, leik- og hópastarfi með áherslu á;

- daglega hreyfingu inni og úti; hreyfifærni, gróf- og fínhreyfingar.
- slökun og/eða núvitund í hverri viku.
- hvíld og svefn, mikilvægi jafnvægis milli virkni og slökunar.
- hollustu og heilbrigði, að gera sér grein fyrir tengslum holls mataræðis og heilbrigðis.
- tannvernd; sérstök áhersla í tannverndarviku sem haldin er 1x á ári.
- vellíðan.
- jákvæð samskipti í öllum aðstæðum.
- virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu.
- lýðræði og þátttöku barna í skipulagi og daglegu starfi.
- félagsfærni í gegnum leik.
- að efla gagnrýna hugsun.
- öryggi.
- umferðarreglur; í vettvangsferðum og gönguferðum. Sérstök áhersla í umferðarvikum, önnur að hausti og hin að vori.
- jafnrétti og sjálfsmynd, að læra að einstaklingar hafa ólíkar þarfir.
- samvinnu og samveru, læra að taka tillit til annarra í hóp.
- samvinnu heimilis og skóla, jákvæð samskipti.
- sköpun; að sýna skilning fyrir skapandi hugsun barna til að þróa hjá þeim sjálfstraust og trú á eigin getu.

Heiðarskóli

Markmið Heiðarskóla með forvörnum er að stuðla að góðri líðan nemenda, jákvæðri sjálfsmynd og lífsýn, heilbrigðum lífsháttum, vinna með Uppeldi til ábyrgðar að jákvæðum skólabrag og halda reglulega samverustundir. Auk þess að efla félagsfærni barna með því að

halda reglulega bekkjarfundi. Áherslur Heiðarskóla í forvarnarfræðslu taka mið af eftirfarandi þáttum:

- Forvarnir eru á ábyrgð allra sem í skólasamfélaginu starfa.
- Forvarnir eru samstarfsverkefni heimilis og skóla.
- Allar forvarnir leggja áherslu á jákvæð lífsviðhorf, um leið og siðferðisleg ábyrgð í lýðræðissamfélagi er undirstrikuð.
- Forvarnir eru samþættar við ýmsar námsgreinar.
- Ákveðið skipulag skal vera á forvörnum í öllum námshópum skólans. Einnig er brýnt að standa fyrir tímabundnum forvarnarátökum sem samfélagsaðstæður krefjast á hverjum tíma.

Á þessum grunni eru aðgerðir í forvörnum á nokkrum afmörkuðum sviðum og ber þar helst að nefna:

- Skólabragur
- Tilfinningalæsi, sjálfsmynd og seigla
- Heilbrigði og velferð
- Öryggi
- Vímuvarnir
- Jákvæð netnotkun

Skólabragur

Undir skólabrag fellur allt það sem snýr að samskiptum og skólamenningu og tekur til skólasamfélagsins í heild sinni, þ.e. starfsfólk, foreldrar og nemendur. Skólabragur endurspeglar markmið, bekkjarsáttmála, stofureglur og gildi í samskiptum, námi og kennsluháttum. Það má segja að hann standi fyrir skráðar og óskráðar reglur skólans. Góður skólabragur verður ekki til af sjálfu sér heldur er nauðsynlegt að vinna að honum markvisst, m.a. með bekkjarfundum, teymiskennslu, hópefli, leikjum, klípusögum, markvissri lífsleiknikennslu og ýmislegt fleira. Skólabragur er eitthvað sem verður til með okkur sjálfum, eitthvað sem við sköpum og því er mikilvægt að starfsfólk gangi í takt, hafi sömu viðmið um hvað er viðeigandi hegðun og hvað ekki. Þá er mikilvægt að viðbrögð við óæskilegri og andfélagslegri hegðun sé eins hjá öllum og að nemendur og foreldrar viti hver þessi mörk eru og hverjar eru afleiðingarnar ef þau eru ekki virt. Starfsfólk skólans er fyrirmynd og því mikilvægt að það komi fram við nemendur og foreldra eins og það vill að komið sé fram við það.

Tilfinningalæsi, sjálfsmynd og seigla

Tilfinningaleg heilsa og vellíðan barna og ungmenna leggur grunn að velferð þeirra í lífinu. Með tilfinningalæsi er átt við þá hæfni að geta lesið í aðstæður, sýnt samhygð og sett sig í spor annarra. Tilfinningalæsi er því mikilvægur liður í því að skilja, tjá og ráða við eigin tilfinningar

sem og annarra og styður þannig við samskiptahæfni og jákvæðan skólabrag (Landlæknir, 2013). Upplifun barna og ungmenna á eigin tilfinningum og annarra er í samspili við sjálfsmynd þeirra. Sterk sjálfsmynd byggist á því að þekkja sjálfan sig, styrkleika sína og veikleika, og á sama tíma vera sáttur við sjálfan sig og finnast maður mikils virði. Þar sem sjálfsmyndin í heild sinni er í sífelldri þróun eru ýmsir þættir í skólastarfinu sem geta haft áhrif á sjálfsmynd barna og ungmenna. Brýnt er að leggja áherslu á að áhrifin séu til góða. Hæfni einstaklingsins í að takast á við erfiðar aðstæður án þess að bugast, sýna þrautseigju og aðlögunarhæfni er kölluð seigla. Rannsóknir sýna að seigla getur haft gífurlega mikið forvarnargildi þar sem hún endurspeglar viðbrögð einstaklinga í erfiðum aðstæðum. Seigla, líkt og sjálfsmynd, er í sífelldri þróun og með aldri og þroska, breyttum aðstæðum og umhverfi, breytist seigla einstaklingsins. Þannig má efla seiglu einstaklinga og styðja við hana. Með því að efla tilfinningalæsi, sjálfsmynd og seiglu nemenda er hlúð að geðheilsu þeirra og vellíðan sem m.a. skilar sér í betri námsárangri, samskiptum og farsæld í lífinu (Landlæknir, 2013). Þetta er m.a. gert í markvissri lífsleiknikennslu.

Heilbrigði og velferð

Heilbrigði og velferð byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Heilbrigði ræðst af flóknu samspili einstaklings og umhverfis og allt starf skólans þarf að stuðla að velferð nemenda. Skólinn gegnir hér lykilhlutverki í að efla jafnréttisvitund nemenda og skapa aðstæður sem efla andlega heilsu og bæta félagslega líðan barna og ungmenna. Þar gefast einnig tækifæri til að efla líkamlega hreysti og ýta undir jákvæð viðhorf nemenda til útiveru og hreyfingar, heilnæmra lífshátta og hollrar næringar. Brýnt er að heilsueflandi áherslur skólans nái yfir holla og heilsusamlega næringu, hreyfingu, hvíld, hreinlæti og kynheilbrigði (Aðalnámskrá grunnskóla).

Öryggi

Öryggi allra einstaklinga skólasamfélagsins er ein grunnforsenda heilbrigðis og velferðar. Í Heiðarskóla eru starfræktar ýmsar öryggisáætlanir og öryggisfræðsla sem er ætlað að styðja við og stuðla að öryggi allra hagsmunaraðila. Meðal þeirra ber að nefna: Eineltisáætlun, rýmingaráætlun, umferðarfræðsla, tannvernd, kynfræðsla, jafnréttisáætlun, slys og slysavarnir o.fl. Áætlanir þessar eru tengdar öllu starfi skólans og kynntar hagsmunaaðilum reglulega.

Vímuvarnir

Ljóst er að foreldrar gegna stóru hlutverki í lífi barna sinna og hafa mikil áhrif á mótun og hegðun þeirra. Grunnskólinn hefur einnig mikinn áhrifamátt og gegnir m.a. mikilvægu hlutverki í draga úr eða koma í veg fyrir skaða sem neysla vímuefna hefur á einstaklinga,

fjölskyldur og samfélagið með því að gera sitt besta í að koma í veg fyrir eða seinka því að ungt fólk hefji neyslu á löglegum eða ólöglegum vímuefnum (Landlæknir, 2015). Heiðarskóli sinnir vímuefnum með margvíslegum hætti, sem dæmi má nefna: markviss lífsleiknikennsla, áhersla á að efla sjálfsmynd og seiglu nemenda. Vandað er til valsins varðandi utanaðkomandi fyrirlesara fyrir börn og þá lögð áhersla á sjálfsstyrkingu, valdeflingu, markmiðssetningu og seiglu fremur en fræðslu um vímuefni og skaðsemi þeirra. Rannsóknir sýna að hræðsluáróður ýmiss konar getur undir vissum kringumstæðum haft þveröfug áhrif. Einnig er lögð áhersla á að kynna fyrir nemendum bjargir ef þeir finna fyrir vanlíðan af einhverju tagi.

Jákvæð netnotkun

Veigamikill hluti félagsheims barna og ungmenna er stafrænn. Nemendur nýta netmiðla til þess að eiga í samskiptum hver við annan, afla sér upplýsinga, miðla til annarra og sér til afþreyingar. Segja má í raun að greiðasti aðgangurinn að börnum og unglingum sé í gegnum stafræna miðla. Það er það umhverfi sem nemendur þekkja, skilja og nota dagsdaglega. Auk þessa eru nemendur í auknum mæli að nýta stafræna miðla í námi sínu og starfi. Netnotkun og samskiptamiðlar eru komnir til að vera og hafa í för með sér nýjar áskoranir fyrir börn, foreldra, skólafólk og samfélagið allt. Nauðsynlegt er að börn og ungmenni fái góða og markvissa fræðslu um netnotkun, veraldarvefinn og netsamskipti almennt. Um samskiptamiðla, ýmsa tölvuleiki, snjallforrit, myndskaið og fleira eru í gildi skýr aldurstakmörk. Í Heiðarskóla er lögð rík áhersla á að aldursmörkin séu virt og slíkar takmarkanir ræddar við börn og ungmenni. Net- og tölvufíkn er árátta sem tengist vaxandi tölvunotkun og hrjáir börn, ungmenni og fullorðna í síauknu mæli. Hafa ber í huga að foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna og því ákaflega mikilvægt að þeir séu vakandi fyrir net- og tölvunotkun barna sinna. Fræðsla og eftirlit er mjög mikilvægt í þessum efnum sem og stuðningur við að ungmenni viðhaldi áhugamálum og stundi heilbriggt lífni. Heiðarskóli styður við jákvæða netnotkun nemenda á ýmsa vegu, t.d. með markvissri lífsleiknikennslu, fræðslu og umfjöllun um nethegðun, markvissri vinnu með samskipti og virðingu o.fl.

Unnið er með lífsleikni og forvarnir á öllum stigum í ákveðinni samfellu í öllu starfi Heiðarskóla. Skólareglur eru endurskoðaðar að hausti með nemendum, starfsfólki og í skólaráði. Eineltisáætlun skólans er endurskoðuð eftir þörfum og er virkjuð ef skólanum berast tilkynningar um grun um einelti.

1.–4. bekkur – sérstök verkefni:

- Umferðarfræðsla og umferðarreglur: Umgengni og öryggi í tengslum við skólabíla.
- Reiðhjól: Reglur gilda um hjólandi vegfarendur.
- Slysagildrur og varasöm efni í umhverfinu.

- Hollar/heilbrigðar lífsvenjur: Hreyfing, svefn og mataræði.
- Jafnréttisfræðsla.
- Þátttaka í mannúðarstörfum t.d. að hjálpa bágstöddum og þeim sem minna mega sín.
- Sjálfsstyrking og félagsfærni.
- Netið: Jákvæð og neikvæð samskipti.
- Umhverfismennt: Upplifun og virðing fyrir náttúrunni.

5. – 7. bekkur – sérstök verkefni:

- Jafnréttisfræðsla.
- Þátttaka í mannúðarstörfum t.d. að hjálpa bágstöddum og þeim sem minna mega sín.
- Umferðarmerki.
- Hollar/heilbrigðar lífsvenjur: Hreyfing, svefn og mataræði.
- Kostnaður við eigin neyslu.
- Netið: Jákvæð og neikvæð samskipti.
- Sjálfsstyrking, félagsfærni og fræðsla um heilbrigðan lífsstíl.
- Skólabúðir í Reykjaskóla fyrir 7. bekk.
- Umhverfismennt: Upplifun og virðing fyrir náttúrunni.

8. – 10. bekkur – sérstök verkefni:

- Umhverfismennt: Upplifun og virðing fyrir náttúrunni.
- Jafnrétti: Merking hugtakanna kyn, kynhneigð og kynhlutverk og hvaða hlutverki þau þjóna í kynímynd og kynupplifun einstaklinga.
- Markmiðasetning: Raunhæf markmiðasetning í leik og starfi og leggja mat á árangur.
- Námsleiðir að loknum grunnskóla: Náms- og starfsráðgjöf.
- Umferðarfræðsla.
- Fræðsla um hvernig hver og einn getur valið heilbrigðan lífsstíl með ábyrgri neyslu og hegðun.
- Hollar/heilbrigðar lífsvenjur: Hreyfing, svefn og mataræði.
- Sjálfsstyrking og félagsfærni.
- Hópefli fyrir nemendur að hausti.
- Ungmenna- og tómstundabúðir fyrir 9.bekk.
- Skólahreysti.
- Ábyrg netnotkun.
- Kynfræðsla.

2.13. Móttöku- og tilfærsluáætlun

2.13.1. Skýjaborg

(Uppfært september 2020)

Þegar leikskólaganga hefst er mikilvægt að mynda strax góð tengsl á milli heimilis og skóla. Gagnkvæm virðing milli foreldra og leikskóla er grundvöllur þess að barninu líði vel og að það fái notið sín. Leikskólinn þarf að fá greinagóðar upplýsingar um barnið og heimilisaðstæður og foreldrar þurfa sömuleiðis að fá greinagóðar upplýsingar um skólastarfið.

Undirbúningur í skólanum:

- Foreldrar fá staðfestingu umsóknar fljótlega eftir að hún berst.
- Leikskólastjóri svarar foreldrum eins fljótt og auðið er hvenær aðlögun getur hafist.
- Leikskólastjóri velur deild fyrir barn og lætur deildarstjóra vita.
- Deildarstjóri undirbýr deildina fyrir komu nýrra barna.
- Leikskólastjóri eða deildarstjóri boðar til móttökusamtals.
- Leikskólastjóri eða deildarstjóri sendir eftirfarandi í tölvupósti til foreldra:
 - Foreldrahandbók Skýjaborgar
 - Aðlögunaráætlun
 - Vinnutíma starfsfólk deildarinnar ásamt myndum af starfsfólki ef þörf er á
 - Eyðublað sem foreldrar eru beðnir að fylla út með bakgrunnsupplýsingum og leyfum

Undirbúningur móttökusamtals:

- Deildarstjóri safnar saman gögnum sem nota á í samtalinu.
- Samtalsblöð.
- Starfsáætlun leikskólans.
- Skóladagatal.

Móttökusamtal:

- Í samtalinu sitja deildarstjóri og foreldrar, ásamt túlki ef þörf krefur.
- Í samtalinu eru fengnar bakgrunnsupplýsingar um barnið: fjölskylduhagi, tungumál, fyrri skólagöngu, styrkleikar/veikleikar barnsins ásamt áhugamálum.
- Farið yfir eftirfarandi þætti:
 - Skóladagatal og sérmerкта daga.
 - Greint frá starfsháttum skólans.
 - Símanúmer skólans, umsjónarkerfið Karellen, heimasíða.
 - Gengið frá dvalarsamningi.
 - Skólinn og deildin skoðuð.

Aðlögun barns:

Horft er til þátttökuaðlögunar þar sem foreldrar eru virkir þátttakendur fyrstu dagana. 5 daga aðlögunaráætlun er sett upp þar sem viðvera barna eykst smám saman. Ætlast er til að foreldrar séu með fyrstu dagana í leik og starfi og minnki svo smá saman viðveru sína eftir því sem traust barnsins verður meira á starfsfólk og umhverfi.

Börn af erlendum uppruna:

- Farið er eftir sömu punktum og hér að ofan. Þegar foreldrar eru boðaðir í móttökusamtal er athugað hvort þeir óski eftir túlkþjónustu.
- Skólinn sér um að panta túlk. Ath. samtal með túlki tekur lengri tíma heldur en samtal án túlks.
- Æskilegt er að barn sé komið með kennitölu, en barn hefur rétt til þess að hefja skólagöngu meðan beðið er eftir afgreiðslu kennitölunnar.
- Í móttökusamtali:
 - Farið yfir ofangreinda þætti.
 - Farið yfir menningu skólans og landsins eftir því sem við á (s.s. þorablót, öskudagur, jólahald), ásamt því að afla upplýsinga um menningu fjölskyldunnar.
 - Komast þarf að því hvort barnið hafi einhverjar sértækar þarfir.

- Farið yfir starfshætti, t.d. tilkynna forföll barns, þau þroskapróf/skimanir sem gerðar eru í leikskólanum, reglur og venjur, útiveru og viðeigandi starfshætti.
- Greint er frá mikilvægi þess að barnið viðhaldi móðurmáli sínu og bent á nýta sér bókasöfnin sem stuðning í því sambandi. Móðurmálið er mikilvægur grunnur fyrir önnur mál og kunnáttu í því veitir barninu öryggi.
- Benda á íslensk öpp sem geta hjálpað í íslenskukennslu s.s. krakkaruv, ordagull, georg og félagar.
- Óska eftir myndum af fjölskyldu og/eða uppáhaldsleikfang barns sem róar barnið og eykur öryggiskennd.
- Greina foreldrum frá því að tvítyngd börn fá 1 klst á dag í sérstuðning til að efla málþroska barnsins.
- Deildarstjóri undirbýr deildina sérstaklega m.t.t. sjónræns skipulags og tákna með tali.
- Allt starfsfólk þarf að setja sig inn í þarfir og stöðu barnsins.
- Málörvun og íslenskunám fer fram allan daginn

2.13.2. Heiðarskóli

Upphaf skólagöngu 6 ára barna

Það er mikilvægt að taka vel á móti nýjum nemendum svo upplifun þeirra af skólanum og fyrstu kynni séu góð. Skólasamstarf leik- og grunnskóla er í föstum skorðum og börnin úr Skýjaborg fá góða aðlögun árið áður en skólaganga hefst. Börnunum er boðið í Vorskólann að vori áður en skólaganga hefst. Vorskóladagarnir eru 3 og börnin koma með skólabílum í skólann og fá því einnig aðlögun í skólaakstrinum. Verðandi umsjónarkennari hefur samband við alla foreldra áður en vorskólinn hefst. Áður en börnin byrja í 1. bekk er foreldrum boðið á kynningarfund að hausti.

Upplýsingar um eftirfarandi eru veittar á kynningarfundinum

- Stundaskrá
- Fatnaður
- Húsnæðið; skóli og íþróttahús
- Skóladagatal; farið yfir óhefðbundna skóladaga og lokanir
- Símanúmer, heimasíða og netföng kynnt
- Skólareglur
- Skólaakstur
- Hvert á að snúa sér ef barni líður illa í skólanum
- Heimanám og samstarf heimilis og skóla, hlutverk foreldra
- Skráningarkerfi skólans kynnt fyrir foreldrum og þeir fá lykilorð sent í tölvupósti
- Skráningarblað þar sem allar helstu upplýsingar um barnið koma fram, einnig gefst foreldrum tækifæri til að afþakka myndbirtingar af sínu barni á vegum skólans, t.d. á heimasíðu og í fréttamiðlum.

Nýnemar úr öðrum skólahverfum

Þegar nýnemar úr öðrum skólahverfum hefja nám við skólann eru móttökur einstaklingsmiðaðar. Nýnemar byrja ýmist í Heiðarskóla í upphafi skólaárs eða á skólaárinu.

Nýnemar og foreldrar/forráðamenn hitta skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra áður en skólaganga hefst. Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri kynnir helstu áherslur í skólastarfinu, fyrirkomulag skólaaksturs, sýnir skólann og kynnir nemandann og foreldra/forráðamenn fyrir umsjónarkennara. Nemandinn fær afhenta stundatöflu og ákveðið er hvenær hentugast sé að hann hefji skólagöngu.

Gátlisti fyrir móttökuviðtal:

- Nafn barns
- Kennitala barns
- Heimilisfang
- Foreldrar/forráðamenn, nöfn og netföng
- Stundatafla
- Útinám, útivera og klæðnaður
- Fæðisgjöld
- Húsnæðið; skóli og íþróttahús
- Skóladagatal; farið yfir óhefðbundna skóladaga og lokanir
- Símanúmer, heimasíða og netföng kynnt
- Skólareglur
- Skólaakstur
- Heimasíða
- Heimanám og samstarf heimilis og skóla, hlutverk foreldra
- Námsumsjónarkerfi – Mentor og lykilorð
- Áherslur skólans t.d. gildi skólans, grænfáninn, uppeldi til ábyrgðar og útivera
- Ef við á - upplýsingar um barn frá greiningaraðilum.

Skólastjóri tilkynnir komu nýs nemanda á starfsmannafundi og umsjónarkennari ræðir við bekkinn og undirbýr komu barnsins hefji það nám eftir að skólastarfið er komið af stað. Umsjónarkennari aðstoðar nemandann eftir þörfum í aðlögun hans og fær aðra nemendur til að aðstoða nýnemann frá upphafi og hjálpa honum við að öðlast öryggi á nýjum stað. Fljótlega eftir að skólaganga hefst hefur umsjónarkennari samband við foreldra og ræðir gang mála.

Ef þörf er á einstaklingsmiðun í móttökum er það gert með þarfir hvers og eins barns í huga. Sérkennari skólans tekur þátt í að skapa móttökur við hæfi, og í samráði við hann eru fundin viðeigandi stuðningsúrræði sem hæfa þörfum barnsins.

2.13.3. Móttökuáætlun fyrir nemendur með stuðningsþarfir í Heiðarskóla

Auk almennrar móttökuáætlunar samkv. 16. gr. laga um grunnskóla skulu grunnskólar útbúa móttökuáætlun fyrir nemendur með stuðningsþarfir. Í slíkri áætlun skal m.a. gera grein fyrir samstarfi innan skólans um skipulag kennslunnar, aðbúnað, aðstöðu, notkun hjálpartækja, einstaklingsnámskrá, kennsluhætti og námsmat, hlutverk umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila innan skólans og samstarf við foreldra. Tilgreina skal áform skólans um

stuðning við nemendur með stuðningsþarfir til félagslegrar þátttöku og virkni í skólasamfélaginu, svo sem í félagslífi og tómstundastarfi skólans. Í slíkri áætlun skal einnig gera grein fyrir samstarfi við aðila utan skólans.

Í Heiðarskóla er almenn áætlun um móttöku nýrra nemenda auk þess er til sérstök móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku. Í almennu áætluninni er fjallað um almenn atriði við að byrja í nýjum skóla, sú áætlun gildir um alla nemendur í skóla án aðgreiningar, en til viðbótar þarf að hafa eftirfarandi í huga varðandi nemendur með sértækar þarfir.

Móttökuáætlun fyrir nemendur með sértækar þarfir:

- Þegar nemandi með skilgreindar sértækar þarfir hefur skólagöngu í Heiðarskóla hitta foreldrar og nemandi sérkennara, sem hefur umsjón með móttöku nemenda með sérþarfir. Farið er yfir einstaklingslegar þarfir nemandans og það hvernig skólinn bregst við þeim.
- Lagður er rammi að áætlun um skipulag náms og kennslu svo og áætlun um það hvernig vinna á að koma nemandanum inn í námshópin á félagslegum forsendum. Gögn afhent ef þau eru fyrir hendi um nemandann.
- Skipað er teymi um viðkomandi nemanda sem í eiga sæti foreldrar, umsjónarkennari, sérkennari, fagaðili og stuðningsfulltrúi ef það á við. Teymið fundar a.m.k. tvisvar á önn.

Samstarf um skipulag kennslunnar, einstaklingsáætlanir, kennsluhætti og fleira:

- Sérkennari hefur umsjón með móttöku nemenda með sértækar þarfir í skólann. Umsjónarkennari ber ábyrgð á skipulagningu náms barnsins í góðu samstarfi við sérkennara, foreldra barnsins og barnið sjálft eins og aðstæður leyfa.

Umsjónarkennari og sérkennari bera sameiginlega ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár þar sem tekið er mið af þroska og stöðu viðkomandi nemenda, óskum foreldra og mati starfsfólks á hverjum tíma. Í einstaklingsnámskrá skal tiltekið um námsmarkmið, námsaðstæður, námsefni, námsmat og aðrar aðstæður í skólanum. Nemandinn stundar nám sitt í sínum námshópi með eða án stuðnings. En ef talið er að það þjóni hagsmunum barnsins betur er líka boðið uppá sérkennslu í litlum hópi eða einstaklingslega. Námsmatið er lýsandi og hvetjandi og leiðbeinandi um framhald náms og kennslu.

Aðgengi og notkun hjálpartækja:

- Ef skólinn þarf að aðlaga aðgengismál sín vegna komu nýs nemanda í skólann verður leitað allra leiða til að koma þeim í lag. Það sama á við ef nemandi þarf á hjálpartækjum að halda við nám sitt, þá verður leitað allra leiða til að hafa þau tiltæk til náms. Hér getur verið um að ræða tölvur og ýmis jaðartæki fyrir tölvur, lestrarforrit, ýmis gagnvirk forrit, stóla, borð, hvíldaraðstöðu og margt fleira.

Stuðningur til félagslegrar þátttöku og virkni:

- Umsjónarkennari, sérkennari og stuðningsfulltrúi ef við á leita leiða til að efla nemandann til félagslegrar þátttöku og virkni innan skólans. Náíð samstarf er við félagsmálastjóra Hvalfjarðarsveitar um félagslega viðburði fyrir börn á skólaaldri í samfélaginu. Í vettvangsferðum og lengri ferðum s.s. ferðum í skólabúðir er sérstaklega gætt að því að allir nemendur geti tekið þátt.

Aðbúnaður og aðstaða:

- Leitast er við að hafa fjölbreytt úrval námsgagna og nýta tölvur og tölvuforrit til náms allt eftir því sem hentar hverjum nemanda.

Samstarf við aðila utan skólans:

- Samstarf getur verið við ýmsa aðila, allt eftir þörfum barnsins, t.d. málstjóra, tengilið, skólahjúkrunarfræðing, Ráðgjafar- og greiningarstöð, skólasálfræðing, fulltrúa Barnaverndar, Barna- og unglingageðdeild, heilsugæslu eða aðra þá sem vinna með viðkomandi barni. Umsjónarkennari, sérkennari og stuðningsfulltrúi sitja skilafundi og samstarfsfundi eftir þörfum og tengiliðir/málstjóri ef við á. Sérkennari er milligönguaðili við samstarfsaðila og skipuleggur og boðar til teymisfunda eftir þörfum. Samstarf við foreldra utan teyma eru hefðbundin foreldraviðtöl, samskipti gegnum Mentor, með tölvupósti auk samstarfsfunda eftir þörfum og/eða áætlunum sem gerðar eru.

2.13.4. Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku í Heiðarskóla

Heiðarskóli tryggir að nemendur með annað tungumál en íslensku og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um skólann. Í Heiðarskóla er stefnt að því að veita nemendum, sem eru með annað móðurmál en íslensku, skólavist eins skjótt og auðið er. Við skólabyrjun er unnið eftir eftirfarandi verklagi:

- Bakgrunnsupplýsingar
- Móttökuviðtal
- Skólabyrjun
- Foreldrasamstarf

Bakgrunnsupplýsingar

Skólinn fær upplýsingar um nafn nemandans, fæðingarár, þjóðerni, tungumál og símanúmer foreldra og kannar hvort þörf er á túlkþjónustu. Æskilegt er að barnið hafi fengið kennitölu, en barn hefur rétt til skólagöngu meðan beðið er afgreiðslu kennitölnnar.

Móttökuviðtal

Foreldrar fá úthlutað tíma fyrir móttökuviðtal við fyrsta tækifæri. Móttökuviðtalið sitja foreldrar, nemandi, skólastjóri og/eða aðstoðarskólastjóri, umsjónarkennari og fleiri aðilar ef

þurfa þykir t.d. hjúkrunarfræðingur, félagsmálastjóri eða sérkennari. Markmið viðtalsins er að afla upplýsinga um nemandann og veita upplýsingar um skólann þ.á.m. um skóladagatal, stundatöflu, mötuneyti, hefðir og siði, útiveru, skólaakstur, námsumsjónarkerfi, heimasíðu, tölvupóst, spjaldtölvur og íþróttir. Foreldrar mæta með upplýsingar um fyrri skólagöngu nemandans s.s. einkunnir og greiningar ef einhverjar eru, upplýsingar um tungumál sem nemandi talar, móðurmál og hugsanlega önnur tungumál. Í móttökuviðtali er fjölskyldunni fylgt um skólann og ákveðið hvenær nemandinn hefji skólagöngu. Í móttökuviðtali er einnig ákveðið hvernig best hentar að eiga samstarf og deila upplýsingum á milli heimilis og skóla.

Skólabyrjun

Skólastjóri tilkynnir komu nýs nemanda á starfsmannafundi og hvetur starfsfólk til að hafa sérstakt auga með viðkomandi og styðja. Umsjónarkennari undirbýr námshópinn fyrir komu nýs nemanda og hugar vel að félagslegri aðlögun ásamt kynningu á menningarlegum bakgrunni. Umsjónarkennari aðstoðar nemandann eftir þörfum í aðlögun hans og fær aðra nemendur til að aðstoða nýnemann frá upphafi og hjálpa honum við að öðlast öryggi á nýjum stað. Fljótlega eftir að skólaganga hefst er aftur haldinn fundur og farið yfir stöðuna. Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Sú kennsla fer að öllu jöfnu fram innan teymis eða með sérkennara. Eldri nemendur geta stundað fjarnám á vegum skólans í sínu móðurmáli.

Foreldrasamstarf

Nauðsynlegt er að vera í stöðugu sambandi við foreldra fyrstu vikurnar og áfram reglulega eftir þörfum. Skólinn leggur ríka áherslu á að ávinna sér traust foreldra og stuðla að gagnkvæmum skilningi og virðingu. Það er t.d. gert með því að hvetja foreldra til að taka þátt í aðlögun barns síns að skólanum, m.a. með því að vera með barninu í skólanum fyrstu dagana og kynnst því starfi sem þar fer fram. Foreldrar eru hvattir til að leggja rækt við móðurmál barnsins heima fyrir.

3. Kafli – Nám og samstarf



3.1. Grunnþættir menntunar

Samkvæmt aðalnámskrám leik- og grunnskóla eru sex grunnþættir menntunar lagðir til grundvallar í öllu skólastarfi. Þeir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar eru grunnþættir menntunar hafðir að leiðarljósi við ákvarðanir um viðfangsefni út frá hæfniviðmiðum og markmiðum. Grunnþættirnir eru settir fram til þess að leggja áherslu annars vegar á samfélagsleg markmið og hins vegar á markmið sem varða menntun sérhvers einstaklings. Mikilvægt er að skipuleggja skólastarfið þannig að börn læri að tengja saman viðfangsefnin og að þau sjái þannig tilgang í því starfi sem fram fer í skólanum.

Sá skilningur sem lagður er í grunnþættina á að vera rúmur og þeir samtvinnaðir hver öðrum og skólastarfinu öllu. Starfshættir innan skólans eiga að fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé að gera börn hæf til að spjara sig í daglegu lífi og efla getu þeirra og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. Hlutverk kennara er að hafa frumkvæði að þróun skólastarfs og stuðla að því að börn verði þar virkir þátttakendur. Þannig miðar almenn menntun að því að efla hæfni barna til að leysa hlutverk sín í samfélagi nútímans en hæfnin byggir fyrst og fremst á þekkingu þeirra og leikni.

3.1.1. Læsi

Í aðalnámskrám leik- og grunnskóla er talað um læsi, bæði í hefðbundnum og óhefðbundnum skilningi. Þannig er annars vegar átt við tæknina sem felst í því að kunna að lesa og skrifa texta, þ.m.t. að nýta sér þá miðla og upplýsingatækni sem völ er á í þjóðfélaginu hverju sinni. Hins vegar er átt við hina yfirfærðu merkingu þess að geta lesið í umhverfið og margvíslegar félagslegar aðstæður. Þá er átt við læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Lögð er áhersla á að læsi snúist um sköpun merkingar og sú merkingarsköpun fer aldrei fram í tómarúmi. Reynsla og aðstæðubundnir þættir hafa ávallt áhrif á þá merkingu sem lögð er í texta, aðstæður eða umhverfi hverju sinni. Þannig skal stefnt að því að börn öðlist hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt á gagnrýnninn hátt og taka þátt í að móta það og skapa

eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þau lesa eða skynja með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Leiðir:

- Þróa læsi frá upphafi leikskólagöngu og til loka grunnskólagöngu og hafa lestur, ritun, tjáning og merkingarsköpun mikið vægi í þeirri þróun.
- Þjálfar börn í öflun upplýsinga, greiningu á þeim, túlkun og miðlun ásamt því að læra hugtök og leggja áherslu á notkun þeirra í réttu samhengi og yfirfærslu á ólík fyrirbæri í samfélaginu og umhverfinu.
- Vinna eftir Handbók Skýjaborgar: Leikur, mál og læsi.
- Vinna eftir Læsisstefnu Heiðarskóla.
- Nýta hugmyndafræði Byrjendalæsis til að efla og styrkja læsi barna á yngsta stigi grunnskólans. Ekki er verið að einblína á lestur heldur einnig að þjálfar hlustun, tal og ritun. Gengið er út frá því að börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunarafl, hvetur þau til gagnrýnnar hugsunar og gefur þeim tækifæri á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf.
- Byggja á hugmyndafræði Læsis fyrir lífið í 5. - 10. bekk.
- Börn í 7. bekk taki árlega þátt í Stóru upplestrarkeppninni.
- Stuðla að því að frjáls lestur sé hluti af skólastarfinu á öllum stigum.
- Endurnýja bókakost reglulega.
- Hafa gott aðgengi að fjölbreyttri tækni og miðlum til að gera nám og leik merkingarbært.
- Kenna læsi í gegnum umhverfismennt og gera börnum kleift að vera læs á umhverfið.
- Leggja áherslu á menningarlæsi í gegnum list- og verkgreinar, hátíðisdaga, fánadaga, ólíkar venjur og siði.

3.1.2. Menntun til sjálfbærni

Menntun til sjálfbærni snýst um að gera börnum kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Sjálfbærni felur í sér að við skilum komandi kynslóðum umhverfi okkar ekki í lakara ástandi en við tókum við því. Í sjálfbærnimenntun felst viðleitni til að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur þroskast sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar. Í sjálfbærnimenntun felst einnig að börn takist á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni í námi sínu. Starfshættir skóla skulu fléttast við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börn taki þátt í samfélaginu.

Leiðir:

- Skapa samábyrgt skólasamfélag þar sem hver og einn tekur ábyrgð og er meðvitaður um gildi gagnvart samfélagi og umhverfi.

- Þátttaka í Grænfánanum taki vel á áherslum menntunar til sjálfbærni og flétti þær inn í daglegt starf skólans og ýti undir að sett markmið náist.
- Börn fái þjálfun í gagnrýnni hugsun og að færa rök fyrir máli sínu með því að starfsfólk noti opnar spurningar, virka hlustun og aðferðir sem hvetja til einstaklingsmiðaðrar nálgunar í leik og námi.
- Gera börnum kleift að takast á við viðfangsefni er lúta að samspili umhverfis og félagslegra þátta í þróun samfélags.
- Leggja áherslu á að efla siðferðileg gildi, virðingu og gagnrýna hugsun varðandi hnattræn áhrif okkar og að börnin geri sér grein fyrir að viðbrögð á heimaslóð skipti ekki síður máli en þátttaka á heimsvísu.
- Bjóða upp á náms- og starfsfræðslu sem stuðlar að því að gera nemendur meðvitaða um þá möguleika sem í boði eru að loknum grunnskóla.

3.1.3. Lýðræði og mannréttindi

Gagnrýnin hugsun og ígrundun um grunnildi samfélagsins er hornsteinn lýðræðis- og mannréttindamenntunar sem skólum landsins er ætlað að rækta. Virðing fyrir mannréttindum, viðhorfum, gildismati og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun. Skólar þurfa að mennta börn til að búa í lýðræðisþjóðfélagi ásamt því að iðka starfshætti sem byggja á lýðræði og mannréttindum í öllu skólastarfi. Skólasamfélagið allt þarf að finna til samábyrgðar, meðvitundar og virkni til að svo megi verða.

Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að þau læri að skilja hvað í því felst. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.

Mikilvægt er að í öllu námi, viðfangsefnum skólastarfsins og aðferðum sé tekið tillit til áhuga barna og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Einnig þarf að efla þekkingu á grundvallarréttindum og skyldum barna og fullorðinna með hliðsjón af íslenskri löggjöf og alþjóðasamningum. Samfélagsgreinar og lífsleikni eru kjölfesta þekkingar á lýðræði og mannréttindum og viðhorfa til sömu þátta.

Leiðir:

- Hafa virka Forvarnar- og lífsleikniáætlun þar sem m.a. er lögð áhersla á lýðræðis- og mannréttindamenntun og virkni barna til ígrundunar.
- Hvetja börn markvisst til að taka afstöðu til siðferðislegra álitamála og hafa möguleika til að taka þátt í mótun skólastarfsins í heild og einstaka verkefnum, með gagnrýnni og opinni samræðu.
- Hafa reglulega bekkjarfundi í Heiðarskóla og hópastarf í Skýjaborg þar sem börn þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Börn taki þátt í mati á skólastarfinu með árlegum könnunum.

- Þjálfun lýðræðislegra vinnubragða í leik, almennu námi og félagsstörfum í skólastarfinu.
- Reyna að höfða til áhuga og vilja barna til þess að taka virkan þátt í skólastarfinu og samfélaginu með jákvæðum hætti.
- Nemendur eigi sína fulltrúa í skólaráði.
- Vinna eftir Uppbyggingarstefnunni í Heiðarskóla sem gengur út á jákvæð samskipti þar sem hver og einn lærir um eigin grunnþarfir og hvernig er hægt að mæta þeim án þess að skaða eða meiða aðra.
- Nemendur geri bekkjarsáttmála í upphafi hvers skólaárs þar sem þeir velja sér grunngildi bekkjarins á lýðræðislegan hátt
- Skipa umhverfisnefndir í Heiðarskóla og Skýjaborg með börnum og starfsfólki.

3.1.4. Heilbrigði og velferð

Í skóla sem leggur áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi er lagður grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Veita þarf fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur öll til hreyfingar. Taka þarf mið af þessu í íþróttakennslu og öllu öðru skólastarfi. Í skólanum þarf á sama hátt að stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat. Leggja þarf áherslu á uppeldis- og félagslegt gildi máltíða meðal annars með því að gefa nægan tíma til að nærast.

Skólinn þarf að taka mið af þörfum allra barna á einstaklingsbundinn hátt. Öll þurfa tækifæri til að njóta styrkleika sinna sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Mörg áhugamál barna stuðla að heilbrigði og geta nýst í þessu samhengi. Með því að gefa áhugasviðum þeirra rými í skólastarfinu gefst tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga, byggja upp jákvæða sjálfsmynd og efla þannig heilbrigði.

Leiðir:

- Hlúa markvisst að þroska og heilbrigði, velferð og vellíðan frá ýmsum hliðum í öllu skólastarfi. Með daglegri hreyfingu og markvissu hreyfiuppeldi er lagður grunnur að góðri heilsu og jákvæðum viðhorfum til hollustu og heilsuræktar.
- Hafa skólabrag sem byggir á jákvæðni og samábyrgð allra sem vinna í skólasamfélaginu.
- Vinna eftir forvarnarstefnu sveitarfélagsins og Forvarnar- og lífsleikniáætlun skólans.
- Taka þátt í sameiginlegum verkefnum á landsvísu, s.s. Lífshlaupinu, Ólympíuhlaupi ÍSÍ og Skólahreysti.
- Vinna samkvæmt ráðleggingum Embætti Landlæknis um lýðheilsu, heilsuefningu og forvarnir.
- Vinna eftir Handbók fyrir leikskólaeldhús og Handbók fyrir grunnskólamötuneyti. Veita börnum reglubundna fræðslu um heilbrigði og velferð.

- Hafa starfandi námsráðgjafa sem nemendur geta leitað til með hugðarefni sín og m.a. tekið áhugasviðspróf.
- Vinna að heilbrigði og velferð nemenda í lífsleiknikennslu, t.a.m. eflingu jákvæðrar sjálfsmyndar og góðra samskipta.
- Standa fyrir viðburðum sem er þáttur í að byggja upp sjálfstraust og sjálfsmynd barna.
- Heilsuvernd skólabarna sinni skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetji til heilbrigðra lífshátta ýmist í hópi eða á einstaklingsgrunni.
- Leggja áherslu á góð samskipti heimila og skóla sem almennt stuðlar að velferð barna.

3.1.5. Jafnrétti

Öll viðfangsefni skólastarfs eiga að grundvallast á jafnræði og jafnrétti. Efla þarf skilning barna á stöðu kynjanna í nútíma þjóðfélagi og búa alla einstaklinga jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, hvort heldur sem er í einkalífi, fjölskyldulífi eða atvinnulífi. Jafnréttismenntun vísar til inntaks kennslu, kennsluhátta og námsumhverfis og áhersla skal lögð á umburðarlyndi og víðsýni gagnvart ólíkri menningu, þjóðerni, trúarbrögðum, lífsskoðunum, kynhneigð og fötlun.

Leiðir:

- Vinna markvisst að jafnrétti í öllu skólastarfi meðal annars með því að fylgja Jafnréttisstefnu Hvalfjarðarsveitar og Jafnréttisáætlun Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.
- Öll börn hafi jöfn tækifæri til náms, þroska og þátttöku í félagslífi.
- Stuðla að því að öll börn njóti alhliða menntunar og fái hvatningu í samræmi við þroska og áhuga.
- Efla sjálfstæði og sjálfsvirðingu barna.
- Einstaklingsmiðað nám þar sem komið er til móts við margbreytilegan hóp.
- Kynna börnum málefni hinna ýmsu þjóðfélagshópa og hvetja til jákvæðni og umburðarlyndis gagnvart fjölbreytileika mannlífsins.
- Vinna með Uppbyggingarstefnuna í Heiðarskóla.
- Leggja í starfi áherslu á gildi skólans: virðingu, vellíðan, metnað og samvinnu.

3.1.6. Sköpun

Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn skynja merkingu viðfangsefnanna og geta tengt það við raunverulegar aðstæður. Sköpun byggist á gagnrýnni hugsun og því að geta farið út fyrir mengi hins þekkta og þar með aukið þekkingu sína og leikni. Sköpun sem grunnþáttur í menntun skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi. Sköpun er grunnurinn að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess. Sköpun í skólastarfi felst í því að móta viðfangsefni sem örva hugmyndaflug einstaklings eða hóps Sköpunarferlið er ekki síður mikilvægt en afraksturinn. Áhersla er lögð á að börn öðlist sem dýpstán skilning á því sem þau

fást við í náminu með skapandi starfi, verklegri færni og nýsköpun. Hvetja skal til gagnrýnnar hugsunar í öllu starfi og öllum námsgreinum sem leiða mun til frumkvæðis, frumleika og sjálfstæðis í vinnubrögðum. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild. Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess.

Leiðir:

- Áhersla á sköpun, frumkvæði og frumleika við margvísleg verkefni. Útfærsla og afrakstur einstakra verkefna byggir oft á sköpun og hugmyndaflugi barna.
- Brjóta skólastarfið upp á ýmsan máta og hafa starfið eins skapandi og fjölbreytt og kostur er.
- Vinna að skapandi viðfangsefnum með aðferðafræði nýsköpunar, þ.e. að skapa eitthvað nýtt eða endurnýta eða breyta vöru eða þjónustu sem er til fyrir.
- Bjóða upp á fjölbreytt verkefni sem örva frjóga hugsun, frumkvæði og sjálfsmýnd.
- Beita fjölbreyttum námsmatsaðferðum.
- Þemavinna og samþættingu bók-, list- og verkgreina.
- Vinna samkvæmt aðferðafræði könnunaraðferðarinnar í Skýjaborg.
- Börn njóti sköpunar á eigin forsendum.
- Vinna með opinn efnivið.

3.2. Samstarf leik- og grunnskóla

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á því næsta. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Til að skapa börnum öryggi og ný námstækifæri er mikilvægt að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi þeirra. Sú þekking og þau viðfangsefni sem börnin fást við í leikskólanum verða grunnur sem grunnskólanámið byggist á. Jafnframt fá þau tækifæri til að takast á við áframhaldandi krefjandi verkefni og öðlast nýja reynslu. Vegna ólíkra starfshátta og umhverfis leik- og grunnskóla getur barn upplifað miklar breytingar við að fara á milli þessara skólastiga. Rannsóknir og reynsla hafa sýnt að samvinna, samfella og tengsl skólastiga veita börnum mikið öryggi á þessum tímamótum og geta auðveldað flutning milli skólastiganna.

Í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar er sameiginleg skólastjórn sem hefur



Það verkefni að skipuleggja skólastarf leik- og grunnskóla og vinna að samvinnu og samfelli á milli skólastiga. Einnig er sameiginleg stoðþjónusta þar sem tveir til þrír starfsmenn vinna á báðum starfsstöðvum, t.d. sérkennari, þroska- eða iðjuþjálfari og leik- og grunnskólakennari. Auk þess sem sálfræðingur og talmeinafræðingur vinna á báðum skólastigum.

Markmið samstarfsins er að:

- Skapa samfelli í uppeldi og námi barna í leik- og grunnskóla.
- Stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.
- Hlusta á raddir barna og foreldra, efla lýðræði og áhrif þeirra á skólaskilin.
- Byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi starfsmanna þvert á skólastigin.
- Skapa samræðugrundvöll milli starfsfólks leik- og grunnskóla.
- Tryggja upplýsingamiðlun milli skólastiganna.
- Samnýta ýmiss konar fræðslu, kynningar og sýningar sem geta hentað börnum annars vegar og starfsfólki hins vegar á báðum skólastigum.

Samstarf Skýjaborgar og Heiðarskóla

- Skilgreint og skipulagt samstarf og samvinna er á milli Heiðarskóla og Skýjaborgar sem starfsfólk skólanna vinnur að í sameiningu. Meginþema í skólasamstarfsverkefnum snúa að því að leikskólabörnin læri að þekkja húsnæði, umhverfi og starfshætti grunnskólans ásamt því að kynnast starfsfólki og nemendum. Í sameiginlegum ferðum er áhersla á að njóta umhverfis, náttúru og ýta undir vináttutengsl á milli árganga. Skólasamstarfsdagar elsta árgangs leikskóla í Heiðarskóla eru áætlaðir sex á hvorri önn.
- Vettvangsferðir eru áætlaðar 2x á ári utan veggja skólans t.d. í skógrækt, fjöru eða bæjar- eða sveitaferðir.
- 1. bekkur fer í leikskólann einu sinni að hausti, ásamt því að vera boðinn á leiksýningu í Skýjaborg 1x á ári.
- Nemendur í 3. bekk lesa fyrir leikskólabörn á Degi íslenskrar tungu.
- 7. bekkur les sögur í tengslum við undirbúning fyrir Stóru upplestrarkeppnina.
- Sameiginleg sýning er undirbúin fyrir Fullveldishátíð Heiðarskóla.
- Boðið er upp á valgrein þar sem nemendur í unglingadeild fá tækifæri til að kynnast starfinu á Skýjaborg.

Tengsl og skil skólastiga

- Persónuupplýsingar sem liggja fyrir um hvert barn í leikskóla, og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun barnsins í grunnskólanum, skulu fylgja barninu í grunnskólann samkvæmt 16. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
- Leikskóla ber að senda upplýsingar með barni og láta foreldra vita um upplýsingagjöfina og ber leikskólastjóri ábyrgð á því að öll sérkennslugögn flytjast á

milli skólastiga. Meðferð mála er í samræmi við persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

- Vorskóli er að jafnaði þrjá daga í maí. Í vorskóla fá leikskólabörn tækifæri til að æfa sig í að vera í 1. bekk. Þau fara með skólarútunni að heiman og fylgja stundarskrá grunnskólans allan skóladaginn. Kynningarfundur fyrir foreldra/forráðamenn verðandi grunnskólabarna í 1. bekk er haldinn að hausti.

Samstarf starfsfólks

- Skólasamstarfshópur fundar 3x á skólaári til að skipuleggja og meta samstarfið. Foreldrar og starfsfólk meta samstarf skólanna í viðhorfakönnunum.
- Skóladagatöl Heiðarskóla og Skýjaborgar eru samræmd eins og kostur er. Matráðar leik- og grunnskóla samræma matseðla og innkaup eins og kostur er.

Sameiginleg fræðsla starfsfólks

- Sameiginlegur skipulagsdagur að hausti.
- Sameiginlegur fagfundur að vori.
- Fræðsla og námskeið á milli skólastiga er nýtt eftir þörfum.

4. Kafli – Stoðþjónusta



Stoðþjónusta felur í sér heildstætt skipulag kennslu, starfshátta og stuðningsúrræða eftir eðli og umfangi þarfa hvers barns. Byggt er á þverfaglegri teymisvinnu, markvissu símati og hagnýtingu gagna til að auka skilvirkni, efla gæði starfs og styðja við farsæla skólagöngu allra barna. Börn eiga rétt á að þörfum þeirra sé mætt í skólastarfi. Þau eiga rétt á að njóta þjónustu og stuðnings sem byggir á bestu þekkingu og er veittur í samræmi við þörf og á forsendum þeirra án hindrana. Greining eða annað formlegt mat á þörfum er ekki forsenda þess að börn njóti þjónustu og stuðnings. Börn eiga rétt á að njóta skólagöngu sinnar og taka framförum í námi og þroska í samræmi við eigin forsendur. Jafnframt eiga þau rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.

Samkvæmt lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna eiga öll börn og foreldrar þeirra að hafa aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Markmið farsældar er að veita börnum og foreldrum þjónustu þar sem fylgst er með velferð og farsæld allra barna, brugðist við þörf fyrir þjónustu og haft samráð á milli þjónustuveitenda til að veita góða þjónustu við hæfi. Þegar þjónustuveitendur verða þess áskynja að þörfum barns sé ekki mætt með fullnægjandi hætti skulu þeir veita foreldrum og/eða barni leiðbeiningar um samþættingu þjónustu. Einnig geta foreldrar eða barnið sjálft haft frumkvæði að því að óska eftir samþættingu. Í leik- og grunnskóla starfa tengiliðir þjónustu í þágu farsældar barns. Tengiliður farsældar veitir upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barna og samþættir þjónustu á 1. stigi. En þjónustan skiptist í þrjú stig. Á 2. og 3. stigi kemur málstjóri Hvalfjarðarsveitar inn í málin. 1. stigs þjónusta er snemmtækur stuðningur sem veittur er og fylgt eftir á markvissan þátt. 2. stigs þjónusta er einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur í samræmi við faglegt mat og/eða frumgreiningu á þörfum barns. 3. stigs þjónusta er einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur í samræmi við sérhæft og ítarlegt mat og/eða greiningu á þörfum barns.

Undir stoðþjónustu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar starfa sálfræðingur og talmeinafræðingur í verktöku, sérkennari/þroskaþjálfari/iðjuþjálfari, stuðningsfulltrúar og náms- og starfsráðgjafi. Unnið er í nánú samstarfi við Velferðar- og fræðslusvið Hvalfjarðarsveitar. Einnig nýtur skólinn þjónustu skólahjúkrunarfræðings frá Heilbrigðisstofnun Vesturlands í grunnskólanum og leikskólinn er í samvinnu við heilsugæslu varðandi reglubundnar skoðanir barna á leikskólaaldri.

Unnið er eftir Stefnu Skýjaborgar í að mæta sértækum þörfum barna og Heildaráætlun stoðþjónustu Heiðarskóla.

4.1. Skólasálfræðingur

Skólasálfræðingur veitir þjónustu í samræmi við gildandi lög um leikskóla, grunnskóla og reglugerð um skólaþjónustu. Verkefnið geta verið margvísleg, en fyrst og fremst er um að ræða greiningu á þeim sem eiga í námslegum og tilfinningalegum erfiðleikum og leit að leiðum þeim til aðstoðar. Skólasálfræðingur veitir ráðgjöf til kennara og foreldra og vísar, ef þörf krefur, til sérhæfðra úrræða.

4.2. Talmeinafræðingur

Starf talmeinafræðings felst aðallega í að greina málþroskafrávik hjá börnum á leik- og grunnskólaaldri sem geta lýst sér í slökum málskilningi, máltjáningu og/eða framburðargöllum. Hann finnur orsök þeirra frávika sem finnast í málþroska og veitir kennurum, leikskólakennurum og ekki síst foreldrum ráðgjöf um hvernig tekið skuli á vandanum. Einnig sinnir talmeinafræðingur talþjálfun vægari frávika og raskana skv. Samkomulagi ríkis og sveitarfélaga. Talmeinafræðingur vísar börnum og ungmennum með alvarlegri raskanir á talmeinafræðistofu til frekari meðferðar.



4.3. Hjúkrunarfræðingur

Skólahjúkrunarfræðingur kemur reglulega í grunnskólann og sinnir forvörnum, heilbrigðisfræðslu og heilbrigðishvatningu í samræmi við reglugerð um heilsugæslu í skólum.

4.4. Sérkennari / þroskaþjálfari / iðjuþjálfari

Sérkennarar skólans sinna börnum bæði í leikskóla og grunnskóla eftir þörfum hverju sinni. Sérkennarar halda utan um þau börn sem þurfa á sértækri aðstoð að halda í skólanum, framkvæma skimanir og aðstoða við að koma málefnum einstakra barna í farveg vakni grunur um frávik í þroska, hegðun eða námsframvindu. Sérkennarar aðstoða við skipulagningu sérkennslu, sinna ráðgjöf til foreldra og starfsmanna og sinna sérkennslu.

Þroskaþjálfari / iðjuþjálfari starfar samkvæmt hugmyndafræði þroska- / iðjuþjálfunar og siðareglum þroska- / iðjuþjálfara. Í starfi þroska- / iðjuþjálfara felst þjálfun, fræðsla, uppeldi,

umönnun, leiðsögn og ráðgjöf. Starf þroska- / iðjuþjálfna miðar fyrst og fremst að því að auka sjálfstæði barna, félagslega, námslega og í athöfnum daglegs lífs.

4.5. Náms- og starfsráðgjafi

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að standa vörð um velferð nemenda á sem breiðustum vettvangi. Náms- og starfsráðgjafi vinnur í nánú samstarfi við foreldra, hefur samráð við aðra sérfræðinga innan og utan skólans og vísar málum einstakra nemenda áfram ef þörf er á.

Helstu hlutverk náms- og starfsráðgjafa eru ráðgjöf og fræðsla við einstaklinga og hópa. Ráðgjöfin miðar að því að nemendur efli og þroski þekkingu á sjálfum sér og þeim námsaðferðum og námstækni sem hentar hverjum og einum. Lögð er áhersla á fræðslu og upplýsingagjöf um námsleiðir, störf og atvinnulíf til að auðvelda ákvörðun um nám eða starf að loknum grunnskóla. Náms- og starfsráðgjafi sinnir t.d. persónulegri ráðgjöf við nemendur, vinnur með reiðistjórnun, streitu- og kvíðastjórnun, hópefli í stærri og minni hópum o.fl.

4.6. Nemendaverndarráð

Samkvæmt 40. gr. grunnskólalaga skal skólastjóri samræma innan hvers skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna er lúta að sérfræðipjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs. Skólastjóri er ábyrgur fyrir starfrækslu ráðsins og stýrir fundum þess. Nemendaverndarráð er skipað skólastjórum Heiðarskóla og Skýjaborgar, sérkennara / þroskaþjálfna, náms- og starfsráðgjafa, skólasálfræðingi,



skólahjúkrunarfræðingi, félagsmálastjóra sveitarfélagsins ásamt fulltrúa barnaverndar (ef það er ekki sami einstaklingurinn). Nemendaverndarráð fundar að öllu jöfnu mánaðarlega. Í 17. gr. reglugerðar nr. 444/2019 um nemendaverndarráð í grunnskólum segir:

“Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.”

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka barn eða hópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar sérfræðipjónustu skólans, sem og fulltrúar ráðsins, geta óskað eftir því við skólastjóra eða fulltrúa hans í nemendaverndarráði að mál einstakra barns eða hópa verði tekin fyrir í ráðinu. Ráðið metur

hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og foreldra svo og aðra aðila sem tengjast málinu ef þörf krefur.

4.7. Einstaklingsnámskrá og námsmat

Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir þau börn sem geta ekki af einhverjum ástæðum fylgt skólanámskrá. Uppbygging námskránna er mismunandi en allar taka þær mið af Aðalnámskrá leik- eða grunnskóla, deilda- eða bekkjarnámskrám og sértækum þörfum barna. Áhersla er lögð á að markmið einstaklingsnámskrár séu eins mælanleg og kostur er.

Einstaklingsnámskrá er ítarleg áætlun fyrir barn sem unnin er af kennara í samráði við foreldra og barnið sjálft, ef við á. Einstaklingsnámskrá byggir á aðalnámskrá en felur oft í sér veruleg frávík frá henni og tekur til markmiða, inntaks og leiða fyrir ákveðið tímabil. Einstaklingsnámskrá byggir jafnframt á viðmiðum, greinandi prófum og skimunarprófum.

Námsmat er framkvæmt á mismunandi hátt í samræmi við einstaklingsnámskrá. Sem dæmi má nefna próf, einstaklingsmiðaðar kannanir, gátlista, umsögn, huglægt mat og möppumat.

4.8. Kennslu- og þjálfunaraðferðir

Stuðst er við mismunandi kennslu- og þjálfunaraðferðir innan sérkennslunnar. Í einstaklingsnámskrá má sjá leiðir að markmiðum þar sem fram kemur hvaða aðferðir eru notaðar. Sem dæmi um kennslu- og þjálfunaraðferðir innan sérkennslunnar má nefna TEACCH, atferlisíhlutun, hlutbundin gögn, kennslubækur, tölvur og tölvuforrit, spjaldtölvur, talgervlar, óhefðbundnar tjáskiptaaðferðir, umbunarkerfi, stýrispjöld og sjónrænt skipulag.



4.9. Tengslastofnanir

Helstu stofnanir sem skólinn er í samstarfi við eru:

Heilbrigðisstofnun Vesturlands Akranesi, BUGL, Ráðgjafar- og greiningarstöð, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, Heyrnar- og talmeinstöð og Sjónstöðina.

5. Kafli – Matsáætlun um skólanámskrá



Árangur skólanámskrár Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar skal metinn reglulega. Byggja skal á heildstæðu sjálfsmati og ytra mati til að greina, meta og þróa skólastarfið.

Unnið er samkvæmt eftirfarandi punktum:

- Gera umbótaáætlun árlega sem byggð er á niðurstöðum innra og ytra mats og framfylgja.
- Gera starfsáætlun árlega í samráði við starfsfólk, foreldra og börn sem er lögð fyrir skólaráð og velferðar- og fræðslunefnd og framfylgja.
- Gera umbótaáætlun þar sem stefnt er að allir kaflar í skólanámskránni séu endurmetnir á 5 ára tímabili.
- Starfsfólk skólans, sem og aðrir hagsmunaaðilar eftir þörfum, meti ákveðna kafla á hverju ári og spyrji sig hvort unnið sé eftir því sem við segjumst vera að vinna. Gera umbótaáætlun, lagfæra starf og/eða breyta skrifum.